

Framsókn opnar Pandoruboxið

VÍS

Mættu því óvænta

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIÐVIKUDAGUR 08. FEBRÚAR 2023



Aðstoða í Tyrklandi

Hópur sérsfræðinga á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar fór til Tyrklands í gær þar sem þau munu aðstoða við björgun eftir tvo stóra skjálfta sem urðu í Tyrklandi og Sýrlandi á mánudag. Í gærkvöldi höfðu yfir sjö þúsund látist í kjölfar skjálftanna, búast má við að sú tala hækki. SJÁ SÍÐU 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

TÍMAMÓT 16



Fimmtán ár frá Fló á skinni

MENNING 19

Fyndin og dramatísk ópera



LÍFIÐ 22

Undirmeðvitund Villibráðar



Óprifnaður í kjúklingaiðnaði

LANDBÚNAÐUR „Kröfur á skoðun á fuglum fyrir slátrun í slátruhúsum eru ekki alltaf uppfylltar og slátrun hefst reglulega án skoðunar," segir í nýrri skýrslu Eftirlitsstofnunar ESA þar sem skoðuð voru þrjú kjúklinga-slátruhús og ein vinnslustöð.



Aðeins lítil hlutfall af fuglum er skoðað af eftirlitsaðilum.

Skoðunin er reglulega og gerð til að íslensk stjórnvöld og Matvæla- stofnun uppfylli skyldur sínar gagnvart reglum Evrópusambandsins. Í skýrslunni kemur fram að aðeins lítið hlutfall af fuglum sé skoðað af eftirlitsaðilum. SJÁ SÍÐU 4

Skatt á Facebook og Google og hluta fjárisins til fjölmiðla

Ríkisstjórnin leitar leiða til að styrkja hag einkarekinna fjölmiðla. Skattur á erlendar efnisveitur ræddur til að bæta upp auglýsingatekjutap.

bth@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Lilja Alfreðsdóttir, viðskipta- og menningarráðherra, bodar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla.

Segir Lilja unnið að róttækum tillögum en málið sé á viðkvæmu stigi. Önnur hver króna sem varið er í auglýsingar hélendis rennur nú til alþjóðlegra efnisveitna.

Lilja vill ekki upplýsa hvaða breytingar kunni að vera í vændum en samkvæmt heimildum Frétta-



Útflæðið er fyrst og fremst á þessum alþjóðlegu miðlum, Facebook og Google.



Lilja Alfreðsdóttir, viðskipta- og menningarráðherra

blaðsins er skoðað að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp um að ákveðin prósent af auglýsingatekjum alþjóðlegra efnisveitna svo sem Google og Facebook verði skattlögð.

Hluti af skattlagningunni myndi renna í vasa einkarekinna fjölmiðla.

„Ég er ekki viss um að það leysi alfarið vanda einkarekinna fjölmiðla að taka RÚV af auglýsingamarkaði," segir Lilja. „Það myndi kannski hjálpa eitthvað, en útflæðið er fyrst og fremst á þessum alþjóðlegu miðlum, Facebook og Google.“

Erlend ríki hafa sum reynt að knýja fram skattheimtu gagnvart alþjóðlegu efnisveitunum.

Fjölmiðlafólki hér árin 2018 til 2020 fækkaði um 731, yfir 40 prósent starfa þurrkuðust út. SJÁ SÍÐU 8



P.T.MBL.

Gáskafull gleðisprenghja með mörgum af okkar fremstu gamanleikurum

Þjóðleikhusið

leikhusid.is

Samþykkja nýjar verkfallsboðanir

arnartomas@frettabladid.is

KJARAMÁL Hótelstarfsmenn og bílstjórar í Eflingu samþykktu tvær nýjar verkfallsboðanir í atkvæðagreiðslum sem lauk í gærkvöld. Alls var 561 á kjörskrá og var samþykki með aðgerðunum um 82 prósent.

Kjarabaráttu Eflingar hélt áfram í gær þar sem verkfall hófst á hádegi á sjö hótélum Íslandshótelna. Um 300 starfsmenn hótélanna eru skráðir hjá Eflingu.



Samþykki með aðgerðunum var um 82 prósent.

Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótelna, segist halda í vonina um að verkfallið vari ekki lengi. „Ef það fer að lengjast í þessu verkfalli munu gestir auðvitað finna fyrir þessu, sem er ekki gott,“ sagði hann á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær.

Efling hefur sent kröfu til embættis ríkissáttasemjara um að Aðalsteinn Leifsson víki sæti sökum vanhæfis í kjaradeilu Eflingar við Samtök atvinnulífsins. Aðalsteinn sjálfur segist ekki telja sig vanhæfan í málinu. ■



Félagsfólk í Eflingu skráir sig til að fá verkfallsgreiðslur. Baráttusamkoma félagsins fór fram í Iðnó skömmu eftir að verkfall hófst.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Engin veðurviðvörðun á landinu í dag

birnadrofn@frettabladid.is

VEÐUR Engin veðurviðvörðun hefur verið gefin út á öllu landinu í dag. Undanfarna daga hefur verið gefin út viðvörðun vegna veðurs fleiri daga en hún hefur ekki verið gefin út nú, samkvæmt Elínu Björk Jónasdóttur, veðurfræðingi á Veðurstofu Íslands. Hún segir að búast megi við ágætis veðri á landinu í dag.

„Já það er minnkandi norðvestanátt og eljagangur þannig að það verður smá snjökoma og skyggishamlandi veður aðeins yfir daginn en minna en var í dag [í gær],“ segir Elín. „Hvað vetrarveður varðar er þetta alveg ágætisveður.“

Spurð að því hvort um vanalegt febrúarveður sé að ræða segir Elín svo vera. „Já, já, fyrir ári síðan var raut viðvörðun á helmingi landsins. Það er almennt stormasamast



Elin Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur

á þessum tíma, svona seint í janúar og fram í febrúar, þannig að þetta er mjög eðlilegt,“ segir hún.

„Maður getur gert sér að góðu að það er farið að birta og daginn farið að lengja, þetta lagast allt með hækkandi sól,“ segir Elín.

Í dag rís sólin klukkan 09:52 í Reykjavík en það er þremur mínútum fyrr en í gær. Á morgun er svo sólarupprás klukkan 09:49. Seinasta dag febrúarmánaðar rís svo sólin í borginni klukkan 08:44. ■

Íslenskir sérfræðingar í rústabjörgun til Tyrklands

„Þetta er verkefni sem þarf að vinna. Það er ekkert þannig að þetta taki sérstaklega á mann, en það er ofsalega gefandi að gera gagn,“ segir Sólveig Þorvaldsdóttir, sem mun leiða hóp sérfræðinga á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem heldur til Tyrklands vegna jarðskjálfta sem riðu yfir á mánudag.

benediktarnar@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Hátt í fimm þúsund manns liggja í valnum og yfir tuttugu þúsund eru slasaðir eftir að tveir stórir skjálftar, báðir yfir 7 að stærð, riðu yfir hluta Tyrklands og Sýrlands. Enn er leitað í rústum bygginga og búist er við að tala látinna hækki á komandi dögum.

Sérfræðingar á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar halda nú til Tyrklands til að aðstoða við aðgerðastjórnun og samhæfingu aðgerða. Ásamt íslenska hópnum hafa um áttatíu alþjóðlegar sveitir nú þegar boðað komu sína til Tyrklands.

Hópstjóri íslenska björgunarsveitarfólksins er Sólveig Þorvaldsdóttir, annar af tveimur stjórnendum íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar. Sólveig hefur mikla reynslu af stýringu og samhæfingu í alþjóðlegum björgunaraðgerðum. Að hennar sögn er verkefni íslenska hópsins að vinna með heimamönnum að björgunaraðgerðum og samhæfa verkefni með öðrum björgunarsveitum.

„Áskorunin er mikil. Þarna hafa orðið alveg gríðarlegar skemmdir og húshrun og ástandið er mjög slæmt,“ segir Sólveig, en hún byrjaði strax eftir að fréttir um hörmung-



Sérfræðingar á vegum Landsbjargar undirbúa sig fyrir ferðina til Tyrklands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Þetta er verkefni sem þarf að vinna.



Sólveig Þorvaldsdóttir, stjórnandi hjá aðalbjörgunarsveitinni

„Við treystum okkur til þess að ráða við þetta. Flest okkar hafa farið utan áður í útköll og eitt af því sem íslenskar björgunarsveitir gera er að samhæfa mjög marga hópa. Þegar það er leit og slys þá er ofboðsleg samhæfing og reynsla hjá íslenska björgunarsveitarfólkinu. Við erum búin að vera í alþjóðastarfi svo lengi að við þekkjum vel út á hvað þetta gengur,“ segir hún.

Sólveig segir að þetta sé eins og hvert annað verkefni sem þarf að leysa.

„Ég er búin að fara oft í útköll erlendis fyrir Sameinuðu þjóðirnar og Rauda krossinn. Þetta er eins og að fara í útköll hjá björgunarsveitunum. Þetta er verkefni sem þarf að vinna, það er ekkert þannig að þetta taki sérstaklega á mann. En það er ofsalega gefandi að gera gagn,“ segir Sólveig. ■

arnar bærust að skipuleggja verkefni og setja saman hópinn.

Að sögn Sólveigar er íslenski hópurinn vel reyndur í verkefnum á hörmungasvæðum.

Alex og William manual hvíldarstólar



Nú með
20%
afslætti

Alklæddir
Anelín leðri
Litir: svart,
dökkbrúnt og cognac

Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr. William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Kolluna upp fyrir alla sem eru að missa vonina!

„Kraftur þýðir
skemmtun. Það
er svo jákvæð
orka þarna og
skemmtilegt fólk“

Ekki missa
vonina!

lifidernuna.is

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem
greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
Kaupum kolluna á lifidernuna.is



Sameiningarmál á dagskrá á Suðurnesjum og Vestfjörðum

kristinnhaukur@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Sameiningarmál eru aftur komin á dagskrána á Suðurnesjum og íbúar Voga munu brátt fá að segja hug sinn. Bæjarstjórn hyggst hefja samráð við íbúa, væntanlega með könnun.

Sveitarfélagið lét gera valkostagreiningu á síðasta kjörtímabili og hóf í kjölfarið óformlegar viðræður við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum og Hafnarfjarðarbæ til að kanna grundvöll fyrir sameiningu. „Nú ætlum við að taka upp þráðinn

og kanna hug íbúanna,“ segir Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri.

Gerir hann ráð fyrir að framkvæmd verði könnun og að spurningin verði opin, það er að fólk verði spurt hvort það vilji sameinast öðrum sveitarfélögum eða ekki. Ef áhugi reynist til staðar væntir hann þess að bæjarstjórn vinni áfram með þetta og ræði við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem koma til greina. Í valkostagreiningunni var sameining við Grindavík efst á blaði þrátt fyrir að samstarf milli sveitarfélaganna væri ekkert sérstaklega mikið.



Bæjarstjóri Voga gerir ráð fyrir að framkvæmd verði könnun þar sem fólk verði spurt hvort það vilji sameiningu eða ekki.

Á Vestfjörðum er líka gerjun í sameiningarmálum og stefnir í að Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur hefji formlegar viðræður.

Viðræður Strandabyggðar og Reykhólahrepps hafa hins vegar legið í dvala síðan í sveitarstjórnarkosningunum. Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps, segir að það hafi ekki orðið forsendubrestur við kosningar og að viðræðunum hafi ekki verið slitið. Önnur mál hafi hins vegar frekar komist á dagskrá.

„Við höfum vilja til að ræða við



Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri Voga

fleiri,“ segir Ingibjörg og á þá við fulltrúa Dalabyggðar, Arneshrepps og Kaldrananeshrepps. „Við létum gera valkostagreiningu og þar kom fram að við þurfum að vera fleiri til að fá slagkraft í sameininguna.“ ■



Haftyrðillinn er smæstur svartfugla. MYND/ADSEND

Fólk hvatt til að hjálpa haftyrðlum

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRALÍF Náttúrufræðistofnun Íslands hafa borist tilkynningar um haftyrðla í vanda í þeim vondu veðrum sem geislað hafa undanfarið. Hrekjast þeir upp á land og stranda þar en haftyrðlar eru ófærir um að hefja sig til flugs á landi.



Haftyrðlar stranda á landi í óveðrum.

Stofnunin óskar eftir því að fólk hjálpi þessum litlu fuglum með því að fara með þá niður að sjó og sleppa þeim ef ekki sér á þeim. En búist er við áframhaldandi óveðri á næstu dögum.

Haftyrðill er smæstur svartfugla, líkur álku en miklu minni. Samkvæmt Fuglavefnum er hann þybbinn, hálstuttur og mjög kubbslegur með stutta vængi. Er hann á stærð við stóra. Á veturna eru bæði kynin hvít á bringu, kverk og upp að vanga. ■

Eftirliti og þrífnaði sé ábótavant í kjúklingaslátrun og vinnslustöðvum

Kjúklingar sem bera merki óheilbrigðis komast í gegnum skoðun í sláturhúsum hér á landi. Þrífnaður og innréttningar eru heldur ekki í samræmi við reglur. MAST segir að þegar hafi verið brugðist við.

kristinnhaukur@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Samkvæmt nýrri skýrslu Eftirlitsstofnunar ESA er kjúklingaslátrun og vinnsla ekki eins og best verður á kosið hér á landi og eftirliti ábótavant. Meðal annars komast sjúkleg frávík í gegnum eftirlit, frárennslisvatni er illa stýrt og þrífnaði er ábótavant. Matvælastofnun segist hafa brugðist fljótt við og bætt úr.

„Kröfur á skoðun á fuglum fyrir slátrun í sláturhúsum eru ekki alltaf uppfylltar og slátrun hefst reglulega án skoðunar. Þar að auki er eftirlit með skoðun fugla eftir slátrun slakt,“ segir í skýrslunni sem birt var 31. janúar síðastliðinn. Skoðunin fór fram 25. október til 1. nóvember síðastliðinn og skoðuð voru þrjú kjúklingasláturhús og ein vinnslustöð.

Skoðunin er regluleg og gerð til þess að sjá til þess að íslensk stjórnvöld og Matvælastofnun uppfylli löggjafar- og eftirlitskyldur sínar gagnvart reglum Evrópusambandsins er lúta að matvælaöryggi og neytendavernd. Samkvæmt EES-samningum ber íslenskum stjórnvöldum að framfylgja þeim reglum.

Í skýrslunni tiltekur skoðunarteymið þau atriði þar sem ekki er farið eftir reglum. Meðal annars



Matvælastofnun segist hafa brugðist við öllum athugasemdum. MYND/HARALDUR JÓNASSON



Skoðuð voru þrjú sláturhús og ein kjúklingavinnsla.

að aðeins litli hlutfall af fuglum sé skoðað af eftirlitsaðilum.

„Í einu sláturhúsinu sem heimsótt var tók teymið eftir því að nokkrir fuglar á færibandinu höfðu komist fram hjá skoðunarstaðnum, sem hefðu átt að vera teknir í burt samkvæmt reglugerð, vegna sjúklegra frávika, svo sem hita eða aflitunar,“ segir í skýrslunni. „Á öðru sláturhúsi

sem heimsótt var var ekki aðstæða til þess að gera almennilegar skoðanir á fuglum.“

Á sumum stöðum sem teymið heimsótti samræmdust innréttingar ekki matvælaeigluferðum. „Til dæmis léleg stjórnun á frárennslisvatni og ekki næg aðgreining kjótvinnslusvæðis og svæðis þar sem búnaður er hreinsaður,“ segir teymið. Einnig að einn framleiðandi hafi ekki látið Matvælastofnun vita af breytingum á innréttingum eins og á að gera. Sums staðar var illa þrífð, málning flögnuð, hitastjórnun í eldun ekki næg og afskurðir kjúklinga geymdir í ílátum sem merkt voru sem matur.

„Þessar brotalamir auka líkurnar á því að óörugg matvæli komist í fædukeðju mannsins og að dýra-

sjúkdómar uppgötvist ekki,“ segir í skýrslunni. Eins og Fréttablaðið greindi nýverið frá er alifuglakjöt nú orðið vinsælasta kjöt á diskum landsmanna, og tók toppsætið af lambakjöti sem hafði verið þar í áratugi.

Samkvæmt tilkynningu Matvælastofnunar um málið hefur stofnunin brugðist hratt við athugasemmdunum og bætt úr ákveðnum þáttum. Heilbrigðisskoðun fugla hefur verið aukin í strangasta viðmið Evrópureglna, bæði fyrir og eftir aflifun. „Endurskoðun áhættuflokkunarkerfis og vinna tengd eftirfylgni athugasemda var þegar hafin innan stofnunarinnar,“ segir stofnunin. Úrbætur séu hafnar á öllum athugasemdum og sumum lokið. ■

Greinargerð Sigurðar ekki til Bjarna

olafur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Athygli vakti á Alþingi í síðustu viku er Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsmálaráðherra, sagði í svari við óundirbúinni fyrirspurn Bergþórs Ólasonar, þingmanns Miðflokksins, um greinargerð Sigurðar Þórðarsonar, fyrrverandi setts ríkisskattstjóra, um starfsemi Lindarhvals að hann hefði ekki séð það skjal.

Í fylgibréfi með greinargerðinni til Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi forseta Alþingis, dagsettu 27. júlí 2018, kemur skilmerkilega fram að, auk forseta þingsins fái eftirtaldir aðilar greinargerðina senda: fjármála- og efnahagsmálaráðherra, Lindarhvoll ehf., Seðlabanki Íslands og Umboðsmaður Alþingis. Samkvæmt þessu var greinargerðin send beint á Bjarna Benediktsson persónulega en ekki á ráðuneyti hans.



Bjarni Benediktsson sagði á þingi að hann hefði aldrei séð greinargerð Sigurðar Þórðarsonar um starfsemi Lindarhvals. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Fréttablaðið grenslaðist fyrir um málið hjá Hersi Aroni Ólafssyni, aðstoðarmanni fjármála- og efnahagsráðherra, og fékk þau svör að skjalið hefði borist ráðuneytinu sama dag og það er dagsett en það hefði hins vegar ekki verið borið undir ráðherra eða því svarað.

Fréttablaðið spurði aðstoðarmann og ráðuneytisstjóra þá hvort skilja mætti svarið sem svo að starfsfólk ráðuneytisins hefði ákveðið að afhenda fjármálaráðherra ekki slíka sendingu frá ríkisendurskoðanda sem stíluð er á hann sjálfan.

Svar kom frá aðstoðarmanni sem segir að ráðherra hafi verið gert viðvart um sendingu bréfsins og meðfylgjandi vinnuskjals að loknum sumarleyfum, en skjalið hvorki verið lagt fyrir hann – né hafi ráðherra sóst eftir því, enda hafi málið verið á forræði ríkisendurskoðanda. ■

FRÁBÆRT TILBOÐ
á kver.is – kr. 2.999

Fyndin og frumleg bók fyrir lesendur á aldrinum 6-106.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu!



 númer eitt®

GRUNNUR AÐ GÓÐU JAFNVÆGI Á BESTA ALDRI



Í HVADA BOX TIKKAR ÞÚ?



Gæði innihalds bætiefnanna í boxunum byggja ævinlega á nýjustu rannsóknum og eru bætiefnin framleidd úr hreinum og sjálfbærum innihaldsefnum.

Umhverfisvænar og endurvinnanlegar pakkningar, minni sóun og meiri gæði!

Öll bætiefnin í boxunum frá Númer Eitt eru glúten- og mjólkurlaus. Vörurnar innihalda engin erfðabreytt innihaldsefni.

Skannaðu kóðann og taktu bætiefnaprófið!



Fæst í flestum apótekum, Heimkaup, Hagkaup, Fræinu Fjarðarkaup og Heilsuhúsinu Kringlunni.

Fimm hundruð manns nú í Evrópuhreyfingunni

kristinnhaukur@frettabladid.is

EVROPUMÁL Aðalfundur Evrópuhreyfingarinnar fór fram á laugardaginn á Nauthóli. Jón Steindór Valdimarsson, varaþingmaður Viðreisnar, var endurkjörinn formaður og Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar, var kjörin í stjórn. Endurkjörin í stjórn voru Valdimar Birgisson, sveitarstjórnafulltrúi Viðreisnar í Mosfellsbæ, og Inger Erla Thomsen, forseti Ungra jafnaðarmanna á Suðurlandi. Auk

Helgu koma ný inn í stjórn Hjalti Björn Hrafnkelsson, gjaldkeri Ungra Pírata, Bryndís Nielsen almannatengill og G. Pétur Matthíasson, upplýsingafultrúi Vegagerðarinnar. Eins og Fréttablaðið greindi frá í desember var Evrópuhreyfingin stofnuð á síðasta ári til að þrýsta á um þjóðaratkvæði um Evrópusambandsaðild. Vefur hreyfingarinnar var opnaður í desember og þá farið í að safna meðlimum. Um síðustu mánaðamót voru meðlimir orðnir 500 talsins. ■



Meðlimir voru 500 um síðustu mánaðamót.



Ný stjórn hreyfingarinnar var kjörin á laugardag.

MYND/EVRÓPUHREYFINGIN

Aðgerðir flugfélaganna í vonskuveðri gengið vel

solrun@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Það var farið í að láta farþega vita og bjóða þeim að færa flugið sitt um einn dag fram eða aftur. Það voru töluvert margir sem nýttu sér það,“ segir Guðni Sigurðsson, upplýsingafultrúi hjá Icelandair, um aflýsingar á flugi í gær vegna slæmrar veðurspár.

Að sögn Guðna gengu aðgerðir Icelandair vel. Örfáum flugferðum hafi verið frestað þar til síðdegis en annars hafi allt verið á áætlun.

Veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands segir vindinn hafa valdið töluverðum truflunum, meðal annars á fjallvegum. Veðrið hafi gengið mjög hratt yfir landið og staðið skemur en spárnar gáfu til kynna.

Nadine Guðrún Yaghi, upplýsingafultrúi Play, segir aldrei annað hafa komið til greina en að fresta flugi við þessi veðurskilyrði. „Þetta er alltaf vandmeðfarið. „Álit veðurfræðinga varðandi morguninn gaf til kynna að aðstæður í Keflavík yrðu hættulegar,“ segir hún.

Aðspurð hvort aðgerðir af þessu tagi setji strik í reikninginn hjá flug-



Sem íslenskt flugfélag gerum við ráð fyrir þessum kostnaði í okkar rekstri.



Nadine Guðrún Yaghi, upplýsingafultrúi Play

félögunum taka Guðni og Nadine í sama streng. „Þetta er bara það sem fylgir því að reka flugfélag á Íslandi,“ segir Guðni. „Þessu fylgir að sjálf-sögðu kostnaður en sem íslenskt flugfélag gerum við ráð fyrir þessum kostnaði í okkar rekstri,“ segir Nadine. ■



Yfirvöld hafa nú heimilað að 75 úlfar verði veiddir á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Óánægja vegna metveiði á úlfum

arnartomas@frettabladid.is

SVÍPÞJÓÐ Veidimenn í Svíþjóð hafa skotið 54 úlfar á rúmum mánuði í umdeildri stýrðri veiði á tegundinni. Veiðin hefur vakið reiði meðal náttúruverndarsinna sem vara við áhrifa ofveiði á heilbrigði stofnsins. Sænskir bændur telja úlfana hins vegar ógna lifibrauði sínu og segja að árið 2021 hafi meira en 340 kindur verið drepnar af úlfum.

Á sjöunda áratugnum voru úlfar á barmi útrýmingar í Svíþjóð og voru þá yfirlýstir vernduð tegund. Þeim byrjaði að fjölga til muna undir lok síðustu aldar og árið 2010 hófu yfirvöld að leyfa stýrða veiði á stofnum.

Sænsk yfirvöld hafa nú heimilað að 75 úlfar verði skotnir á þessu ári sem er meira en tvisvar sinnum fleiri úlfar en í fyrra. Sænska þingið



Talið er að um 460 úlfar séu í Svíþjóð.

samþykkti fyrir tveimur árum að takmarka úlfastofninn við 270 dýr en aðrir vilja ganga enn lengra.

Vísindamenn hafa varað við að úlfarnir séu ekki nægilega margir til að viðhalda heilbrigðum stofni en talið er að stofn landsins telji um 460 dýr. Til að heilbrigðum stofni sé viðhaldið megi fjöldinn ekki falla niður fyrir 500 og hefur Umhverfissverndarstofnun Svíþjóðar sagt að minnsta kosti 300 dýr séu nauðsynleg til þess að forðast úrkynjun. ■



Óánægja ríkir innan stjórnsýslunnar með skýrslu Ríkisendurskoðunar um stöðuna á laxeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

Einhver þarf að axla ábyrgð

Talsmaður íslenska náttúruverndarsjóðsins segir fyrrverandi ráðherra þurfa að axla ábyrgð samhliða núverandi ráðherrum eftir svarta skýrslu um stöðu á fiskeldi hérlendis. Fyrirtæki í atvinnugreininni fagna tækifærinu til að bæta utanumhald.

kristinnpall@frettabladid.is

LAXELDI Óánægju innan stjórnsýslunnar með skýrslu Ríkisendurskoðunar um stöðuna á laxeldi og eftirlit með starfsgreininni gætir víða. Jón Kaldal, talsmaður íslenska náttúruverndarsjóðsins (e. Icelandic Wildlife Fund), segir að í skýrslunni hafi margt verið staðfest sem sjóðurinn hafi áður bent stofnunum á.

„Það var súrsæt tilfinning að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hún er gríðarlega vel unnin og það var ánægjulegt að sjá staðfest fjölmörg atriði sem við höfum bent á í umsögnum okkar til hinna ýmsu stofnana, Alþingis og ráðuneytisins. En á sama tíma var sorglegt að sjá, fyrir okkur sem samfélag, hversu illa hefur tekist að skapa umgjörð um þennan iðnað.“

Hann segir það ljóst að vandamálið sé víðtækt.

„Lögunum um fiskeldi var breytt árið 2019 og lögð sérstök áhersla á að auka eftirlit með sjókvíaldinu og áhrifum þess á náttúruna. Þessum lagabreytingum fylgdu hins vegar ekki þær fjarveitingar sem þurfti til svo eftirlitsstofnanirnar og Hafrannsóknastofnun gætu sinnt hlutverkum sínum. Þetta voru ótrúlega slöpp vinnubrögð af hálfu þáverandi ráðherra, sem var Kristján Þór Júlíusson,“ segir Jón og heldur áfram:

„Svandís Svavarsdóttir tók



Það var súrsæt tilfinning að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar.



Jón Kaldal

þær stofnanir almennings sem eiga að sinna eftirliti og rannsóknum. Það hljóta einhver að þurfa að axla ábyrgð á þessum vinnubrögðum. Það er svo sérstakt umhugsunarefni af hverju umhverfisráðherra undanfarinna ára hafi ávallt bara setið aðgerðalausir hjá.“

Að mati Jóns geta sjókvíaldisfyrirtækin unað vel við núverandi fyrirkomulag.

„Fyrirtækin í þessum iðnaði ættu að geta verið nokkuð sátt. Þau hafa komist upp með ótrúlega hluti í skjóli þess að eftirlitið með starfsemi er í raun ekki neitt. Viðurlögin sem hægt var að beita þau vegna alvarlegra frávika í rekstri hefðu sannarlega getað verið margfalt meiri.“

Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Laxa fiskeldis, tekur undir niðurstöður skýrslunnar um að það sé þörf á breytingum þegar hann er spurður út í niðurstöðurnar.

„Ég held að þessi skýrsla endurspeglar það sem iðnaðurinn hefur um árabil bent á, að það þarf að setja meiri fjármuni í stjórnsýsluna þegar kemur að uppbyggingu fiskeldis. Að stjórnsýslan og stofnanir geti þjónustað greinina með viðunandi hætti,“ segir Jens sem vonast til að aðilar málsins geti sest niður og ákveðið næstu skref.

„Þessi skýrsla sýndi að stjórnsýslan þarf virkilega að fara yfir alla verkferlana og gæti orðið tækifæri til að einfalda regluverk í kringum greinina. Í mínum huga snýr þetta að því að stjórnsýslan, atvinnugreinin og aðrir hagaðilar geta komið saman og bætt stjórnsýsluna í tengslum við vöxt greinarinnar svo að hægt sé að skapa áfram verðmæti fyrir samfélagið og þjóðina alla,“ segir Jens enn fremur um niðurstöður skýrslunnar. ■

við nánast fullkomnu þrotabúi í þessum málaflökki þegar hún varð matvælaráðherra fyrir rúmlega ári. Staðan er nú sú að eftirlitið hefur að stórum hluta verið fært til fyrirtækjanna sjálfra. Þetta þýðir að eftirlitsstofnanir almennings þurfa að treysta innra eftirliti sjókvíaldisfyrirtækjanna um brot og frávík í starfsemi. Það er furðuleg hugmynd að láta fyrirtæki, sem hafa gríðarlega fjárhagslega hagsmuna að gæta, sjálf annast eftirlit með sér. Við brot og frávík geta þau misst umhverfissvottanir og viðskiptasamninga.“

Hann segir að það þurfi einhver að axla ábyrgð í þessu máli.

„Hvernig staðið hefur verið að málum er ekki bara fúsk. Þarna voru teknar ákvarðanir að yfirlögðu pólitísku ráði, með því að veikja



Jimmy's poppið
er nú loksins fáanlegt á Íslandi.
Veldu nú þann sem að þér þykir bestur

KOMIÐ Í VERSLANIR

FRÉTTAVIDTAL



Lilja Alfreðsdóttir, viðskipta- og menningarráðherra, boðar róttækar breytingar sem muni gagnast einkareknum fjölmiðlum. Rekstur fjölmiðla á undir högg að sækja og beina stjórnvöld spjótum sínum að alþjóðlegum efnisveitum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Boðar róttækar umbætur á hag fjölmiðla



Björn
Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Skattheimta af erlendum efnisveitum er til skoðunar svo hægt verði að bæta upp tekjutap út fyrir landsteinana. Einkareknir fjölmiðlar eru í sögulegri rekstrarkreppu og varðar miklu að sporna við, segir menningarráðherra.

Lilja Alfreðsdóttir, viðskipta- og menningarráðherra, boðar róttækar aðgerðir sem ætlað er að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla.

Hún vill ekki upplýsa hvaða breytingar kunni að vera í vendum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er til skoðunar hvort ríkisstjórnin leggi fram frumvarp um að ákveðin prósent af auglýsingatekjum alþjóðlegra efnisveitna svo sem Google og Facebook verði skattlögð hér á landi.

„Að minnsta kosti sumir ráðherrar ríkisstjórnarinnar sjá fyrir sér að hluti fjárins sem kæmi í ríkiskassann ef erlendu efnisveiturnar verði skattlagðar myndi renna í vasa einkarekinna íslenskra fjölmiðla. Með því yrði hluti tekjuflæðisins út fyrir landsteinana stöðvaður.“

„Ég er ekki viss um að það leysi alfarið vanda einkarekinna fjölmiðla að taka RÚV af auglýsingamarkaði,“ segir Lilja.

„Það myndi kannski hjálpa eitt hvað, en útfærð er fyrst og fremst á þessum alþjóðlegu miðlum, Facebook og Google.“

Síðasti út slökkvi ljósinn

Um áramótin 2020 birti Hagstofan gögn sem sýndu að starfandi fjölmiðlafólki fækkaði frá 2018 til 2020 um 731 Íslending. Að óbreyttu blasir við að síðasti maður út slökkvi ljósinn. Þjóðir heims hafa með misunandi hætti brugðist við rekstrarvanda sem bæst hefur við fyrri áskoranir. Sú síðasta er að opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar auglýsi í stórum stíl á alþjóðlegum efnisveitum í stað innlendra miðla. Danir eru meðal þeirra sem



Fjölmiðlarekstur hefur lengst af verið snúin glíma. MYND/HEIDA HELGADÓTTIR

hyggjast setja á frekari gjaldheimtu til að styðja við fjölmiðla.

„Þeir hafa í huga að skattleggja þessar erlendu efnisveitur og beina tekjunum sem skapast til fjölmiðlanna. Það væri hægt að vera með svipaðar ívilnanir hér,“ segir Lilja.

Ef sú leið verður farin liggur fyrir að slíkt frumvarp myndi enda á borði Bjarna Benediktssonar, þar sem fjármálaráðherra fer með skattamál.

„Ef við lítum svo á það sem Frakkar eru að gera, þá leggja þeir á svokallað menningarframlag sem er 5,15 prósent. Í Frakklandi er streymisveitum gert að greiða frá þeirri fjárhæð í skatt og allt upp í 15 prósent ef efnid er ofbeldisfullt,“ segir Lilja.

Umpólun á rekstrarumhverfi

Lilja segir að ofboðsleg kerfisbreyting hafi átt sér stað.

„Við erum stödd í miðri tækniumbyltingu, hlutir breytast svo hratt að það er mikil áskorun að ná utan um þessa hröðu þróun.“

Í Svíþjóð fara nú 72 prósent af öllum auglýsingatekjum til erlendra miðla. „Þeirra „RÚV“ er samt ekki á auglýsingamarkaði,“ segir Lilja. Hún segir því raunverulega hættu á að

útfærð auglýsingafjár aukist áfram þótt Ríkisútvarpið yrði tekið af auglýsingamarkaði.

„Í mínum huga býr það grundvallarsjónarmið að RÚV ætti ekki að vera á auglýsingamarkaði. En í ljósi reynslu sumra annarra þjóða held ég að þótt við tækjum RÚV af auglýsingamarkaði myndi það aðeins skapa takmarkað sýrefni fyrir einkamiðlana.“

Lilja segir að af þessum sökum hafi hún bedið með að útfæra þá róttæku hugmynd að svipta RÚV auglýsingatekjum.

„Ég tel vænlegri leið að reyna að ná í tekjur frá alþjóðlegum fyrirtækjum. Við þurfum í raun að fara í röð aðgerða.“

Dauði N4 ýtir við fólki

Dauði sjónvarpsstöðvarinnar N4 hefur vakið landsmenn upp af værum blundi. Fæstir virðast tilbúnir lengur að greiða fyrir fréttir. N4 hafði þó ekki flutt fréttir um langt skeið heldur leitaði stöðin annarra leiða til að skapa tekjur áður en yfir lauk.

Áður þrífust fjölmiðlar ekki síður á áskriftartekjum en auglýsingum. Ofan á þetta ástand koma svo alþjóðlegu efnisveiturnar og soga til sín helming alls fjármagns sem



Ég er ekki viss um að það leysi alfarið vanda einkarekinna fjölmiðla að taka RÚV af auglýsingamarkaði.

fellur til árlega á auglýsingamarkaði. Í fyrra voru heildarauglýsingatekjur um 20 milljarðar, þar af fóru um 50 prósent, eða 9,8 milljarðar, til alþjóðlegra efnisveitna.

Ómælt mikilvægi fjölmiðla

Lilja segir engum vafa undirorpið að mikilvægi einkarekinna miðla hér á landi sé gríðarlegt. Mikilvægið snúi að margvíslegri lýðræðislegri umfjöllun, stjórn málaumræðu, menningu og öðru sem skipti máli í samfélaginu.

„Ísland hefur mjög sterka og mikilvæga sögulega hefð hvað varðar fjölmiðla. Það voru fjölmiðlarnir á 19. öldinni, mennta- og menningarfólk á fjölmiðlum, sem beitti sér í sjálfstæðisbaráttunni í gegnum fjölmiðla og vöktu fólk.“

Hún nefnir Þjóðólf, Ísafold og fleiri rit sem hafi skipt sköpum. „Fjölmiðlarnir breyttu sögunni, fjölmiðlarnir sköpu framþróun og umbætur.“

Mikilvægi fjölmiðla í tungumáliinu, íslenskunni, er einnig óendanlega mikið að sögn Lilju. Nægi að nefna þverrandi lesskilning, sífellt fleiri glompur í fagorðaförða og annað sem komi í veg fyrir að börn skilji merkingu og inntak texta.

„Almenningur þarf að átta sig á mikilvægi þess að innlendir fjölmiðlar nái styrk sínum, enda er hlutverk þeirra afar mikilvægt,“ segir Lilja Alfreðsdóttir. ■



Almenningur þarf að átta sig á mikilvægi þess að innlendir fjölmiðlar nái styrk sínum.



Finnur þú **PLAY** á flugi í Fréttablaðinu?

Fréttablaðið og PLAY ætla að bjóða heppnum lesanda Fréttablaðsins **100.000 króna** gjafabréf frá PLAY í hverri viku fram að 11. febrúar. Við drögum út næsta vinningshafa á mánudaginn 13. febrúar næstkomandi.



Skannaðu mig

Til að taka þátt í leiknum þarft þú að

- 1)** Finna PLAY flugvélina á flugi í Fréttablaðinu.
- 2)** Segja okkur á hvaða blaðsíðu þú fannst PLAY flugvélina og skrá það á www.frettabladid.is/lifid/playleikur

PLAY

FRÉTTABLAÐIÐ

*Því oftar sem þú skráir þig, því líklegra er að þú vinnir.
Fréttablaðið kemur út 5 daga vikunnar, frá þriðjudegi til laugardags.





Búist er við stýrivaxtahækkun í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Vaxtahækkun skilaboð um staðfestu

olafur@frettabladid.is

Greiningardeildir bankanna búast við að Seðlabankinn hækki stýrivexti um 0,5 prósentustig í dag í kjölfar meiri verðbólgu en búist hafði verið við í janúar.

Í pósti sem Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhafgræðingur Arion banka, sendi frá sér í síðustu viku kom fram að gjaldskrárhækkanir hins opinbera um áramótin hefðu borið ábyrgð á nær allri hækkun sem varð á vísitölu neysluverðs milli desember og janúar, en hækkun voru gjöld á áfengi, eldsneyti og bílum, auk þess sem landbúnaðarafurðir hækkun í verði, en hið opinbera stjórnar verðlagningu að verulegu leyti.

Túlka má skrif Ernu svo að hún furði sig á því útspli stjórnvalda að hækka gjaldskrár þegar verið er að berjast við miklar verðlagshækkanir.

Hún bendir jafnframt á að vaxtahækkanir hafa sjálfstæð áhrif til hækkunar vísitölu neysluverðs. Það



Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhafgræðingur Arion banka

er vegna þess að vaxtahækkanir hafa áhrif til hækkunar reiknaðrar húsaleigu, sem vegur þungt í vísitölunni hér á landi. Þannig atvikist það að húsnæðisliðurinn sé til hækkunar hennar þrátt fyrir að húsnæðisverð sé tekið að lækka.

Af skrifum greiningardeilda bankanna um líklega vaxtahækkun í dag má ráða að hafgræðingar telji helsta tilgang peningastefnunefndar með vaxtahækkun nú vera að senda skilaboð inn á markaðinn um að Seðlabankinn sé staðfastur í baráttu sinni við verðbólgu, jafnvel þótt vaxtahækkun nú muni valda aukinni verðbólgu til skemmri tíma lítið. ■

Engin einnota bleyja brotnar niður

helgisteinar@frettabladid.is

Kristín Anna Thorlacius Jensdóttir, einn af eigendum Taubleyja, segist vilja efla vitundarvakningu um notkun umhverfsvænni taubleyja á Íslandi. Hún segir að það taki einnota bréfbleyjur 450 til 500 ár að brotna niður í náttúrunni.

„Á hverju bleyjutímabili fyrstu tvö árin notar hvert barn að meðaltali sex þúsund bleyjur,“ segir Kristín og bætir við að engin bréfbleyja hafi hingað til brotnað alveg niður.

Taubleyjur er stærsta taubleyjufyrirtæki landsins og rekur Kristín það með móður sinni, Auði Friðgerði Halldórsdóttur, og systur, Auði Ebbu Thorlacius Jensdóttur. Fyrirtækið var stofnað árið 2020 en fjölskyldan tók við rekstri þess fyrir rúmlega tveimur vikum.

„Við byrjuðum að nota taubleyjur fyrir strákinn okkar og vorum svo ótrúlega ánægð með þær og það kom á óvart hve einfalt það var að nota þær. Svo sáum við tækifæri þegar fyrirtækið fór í sölu og við ákváðum bara að stökkva á það.“



Systurnar Kristín Anna og Auður Ebba.

MYND/ADSEND



Fyrstu tvö árin notar hvert barn að meðaltali sex þúsund bleyjur.

Kristín segir mikinn misskilning ríkja í kringum notkun taubleyja en þær systur hafa undanfarið staðið fyrir kynningarfundum þar sem boðið er upp á fræðslu fyrir foreldra.

„Mest selda varan okkar er þjálfunarnærbuxur fyrir börn sem eru að hætta á bleyju. Við finnum samt fyrir mikilli aukningu í notkun taubleyja og núna í desember kom til að mynda fyrsta íslenska taubleyjuhönnunin á markaðinn.“ ■



Formaður Neytendasamtakanna segir dómsniðurstöður sýna að neytendavernd á íslenskum fjármálamarkaði sé verulega ábótavant.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Segir hálfan sigur unninn

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í hinum svonefndu vaxtamálum að lánaskilmálar Landsbankans uppfylltu ekki kröfur um útskýringu á forsendum vaxtabreytinga en telur Arion banka uppfylla kröfur.

olafur@frettabladid.is

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi Landsbankann í gær til að endurgreiða lántakendum vexti, sem voru ólöglega innheimtir af láni með breytilegum vöxtum.

Landsbankinn var dæmdur til að greiða Berglindi Önnu Zoëga Magnúsdóttur 124.229 krónur með dráttarvöxtum frá 8. desember 2021 til greiðsludags. Bankinn var líka dæmdur til að greiða Tómasi Kristjánssyni 108.711 krónur með dráttarvöxtum frá sama tíma til greiðsludags.

Auk þessa var bankanum gert að greiða stefnendum í málinu 750.000 krónur í málskostnað, hvoru.

Rúnar Pálmason, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir Landsbankann vera að fara yfir dóminn. Hann segir að ef niðurstaða dómsins yrði lögð til grundvallar fyrir neytendalán með samskonar vaxtabreytingaákvæði sé það bráðabirgðamat bankans að fjárhagsleg áhrif af þeirri niðurstöðu



Þetta er þvert á það sem kemur fram í lögnum og Evróputilskipuninni.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

yrðu innan við 200 milljónir króna.

Í öðru máli var Arion banki sýknaður af kröfum lántakenda um endurgreiðslu vaxta og virðist dómurinn byggður á því að skilmálar lánasamninga Arion banka útskýri betur forsendur vaxtabreytinga en skilmálar Landsbankans, þrátt fyrir að fram komi í rökstuðningi dómara að í skuldbréfi Arion banka sé ekki kveðið á um að forsendur vaxtabreytinga séu útskýrðar út í hörgul.

Stefnendur, Eyþór Skúli Jóhannesson og Elinborg Jóhannesdóttir, voru auk þess dæmd til að greiða Arion banka 800.000 krónur í málskostnað.

Um er að ræða svokölluð vaxta-

mál. Fullvist má telja að báðum málum verði áfrýjað.

Neytendasamtökin stóðu við bakið á málshöfðendum og nutu til þess stuðnings VR.

„Við fyrstu sýn virðist okkur dómurinn gegn Landsbankanum nokkuð vel grundaður,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna. „Við gerum hins vegar verulegar athugasemdir við aðferðina sem dómurinn velur til endurútreiknings. Þar virðist sem taumur bankans sé dreginn og hallað verulega á neytendur.“

Í rökstuðningi fyrir dómsniðurstöðu í Arion banka málinu segir dómari að fallast verði á það með stefnda (Arion banka) að lagaákvæði lúti ekki að því að í skuldbréfi þurfi að kveða á um útfærslu á forsendum breytinga út í hörgul.

„Þetta er þvert á það sem kemur fram í lögnum og Evróputilskipuninni,“ segir Breki. „Þar segir skýrt að útfærsla breytinga þurfi að vera skýr, aðgengileg, hlutlæg og sannreynanleg (e. „clear, accessible, objective and verifiable“).“

Breki segir að þótt vissulega sé hálfur sigur unninn sýni mál þetta í hnotskurn að neytendavernd á fjármálamarkaði sé verulega ábótavant hér á Íslandi. Aðspurður segir hann að fastlega megi gera ráð fyrir að báðum málum verði áfrýjað til æðra dómsstigs. ■



Kaup, sala og samruni fyrirtækja

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferðir
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

Kontakt

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | Ránargata 18, 101 Reykjavík

www.kontakt.is

Icelandair aldrei ráðið jafn marga starfsmenn

Icelandair upplifir nú stærsta ráðningarferli í sögu fyrirtækisins. Verið er að stækka þjálfunarsetur Icelandair á Flugvöllum og flugfélög víðs vegar um heiminn gera sér sérstakar ferðir til Íslands til að nota flugherma Icelandair.

helgisteinar@frettabladid.is

Icelandair stendur frammi fyrir mikla aukningu í þjálfunarferli félagsins. Framkvæmdir eiga sér einnig stað við nýjar höfuðstöðvar félagsins á Flugvöllum í Hafnarfirði þar sem Icelandair áætla að sameina stóran hluta af starfsemi sinni á höfuðborgarsvæðinu. Þegar því ferli lýkur munu 600 manns starfa undir sama þaki.

Í lok árs 2022 voru starfsmenn Icelandair 3.100 talsins en í heimsfaraldrinum náði starfsmannafjöldi félagsins sögulegu lágmarki. Í sumar áætla Icelandair að starfsfólk félagsins verði nálægt 5.000 talsins.

Guðmundur Tómas Sigurðsson, flugstjóri og ábyrgðarmaður þjálfunar áhafna hjá Icelandair, segir núverandi ráðningar- og þjálfunarferli fyrir komandi sumar vera það stærsta í 85 ára sögu félagsins. Hann segir þjálfunarsetur Icelandair og flugherma félagsins vera með þeim betri sem finnast í heiminum.


„Við þjálfum alla okkar flugmenn í hermunum en einnig koma önnur flugfélög sem vilja koma hingað mjög langar vegalengdir og þjálfa í flughermunum. Við erum til dæmis með nýjasta Boeing 757 flughermanninn í heiminum og fólk kemur hingað ekki bara einu sinni eða tvisvar heldur sækir það alla sína þjónustu hingað,“ segir Guðmundur.

Hann segir að þær ferðir skapi mikið verðmæti fyrir landið og myndast rúmlega 3.000 hótélgestingar á ári í tengslum við notkun flughermanna.

Nánast allt starfsfólk Icelandair fer í gegnum árlega þjálfun og segir félagið að umfang fræðslu og þjálfunarstarfs eigi sér enga hliðstæðu á meðal íslenskra fyrirtækja. Rúmlega



Guðmundur Tómas Sigurðsson, Sigrún Stefánía Kolsöe og Elisabet Helgadóttir segja að þjálfunarsetur Icelandair í Hafnarfirði sé mögulega eini skólinn í landinu sem er rekinn allan sólarhringinn. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**



Flughermar Icelandair eru mjög eftirsóttir. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**



Flugfreyjustarfið er náttúrulega krefjandi starf en við finnum alltaf fyrir miklum áhuga.

Elisabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannaúðssviðs Icelandair

Hátækniþúnaður er mikið notaður við þjálfunina og hefur starfsfólk til að mynda aðgang að sýndarveruleikagleraugum sem þjálfa það fyrir mismunandi aðstæður. Í þjálfunarrými er einnig niðursagaður skrokkur af gamalli flugvél sem er búinn tölvuskjáum við glugga vélarinnar þar sem starfsmenn geta til dæmis æft fyrir landingar á vatni.

Elisabet Helgadóttir, framkvæmdastjóri mannaúðssviðs, segir einnig að mikilvægt sé að taka reglulegar mælingar á starfsanda innan hópsins. Hún segir að mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan kjaradeilur Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair stóðu yfir og að mælingar sýni almenna ánægju meðal starfsfólks Icelandair.

„Flugfreyjustarfið er náttúrulega krefjandi starf en við finnum alltaf fyrir miklum áhuga og fáum vel yfir þúsund umsóknir á hverju ári. Starfið er unnið á vöktum á ýmsum tímum sólarhrings og ég held að fólk geri sér alveg grein fyrir því að þetta er ekki fyrir alla, en þetta er samt sem áður mjög skemmtilegt starf,“ segir Elisabet. ■

100 starfsmenn koma að þjálfun og yfir háannatímamann fer kennsla fram allan sólarhringinn.

Sigrún Stefánía Kolsöe, forstöðumaður þjálfunar hjá Icelandair, segir að allir starfsmenn taki þátt í svipaðri almennri nýliðaþjálfun óháð stöðu. „Það er mjög skemmtilegt og er gert til að tengja okkur öll við flugið. Hvort sem þú ert að vinna á bak við skrifborð, ert upplýsingafulltrúi eða forritari.“

Hún segir að Icelandair þjálfu nú í kringum 300 nýliða í flugfreyju- og flugþjónastöðum fyrir komandi sumar. Þjálfunin fer mikið fram að kvöldi til og um helgar þar sem margir nýliðar eru í skóla og að náminu loknu munu nýliðarnir bætast við 1.000 manna áhafnatrymi Icelandair.

SVIPMYND

Eigin bókasería haft mest áhrif

Þórunna Kristín Jónsdóttir

Nám:

MBA með áherslu á strategíska markaðssetningu.

Störf:

Unnið í markaðsmálum fyrir hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir í um 20 ár.

Fjölskylduhagir:

30 ára samband og 22 ára hjónaband með manninum mínum og við hjónin eigum 18 ára stelpu og 14 ára strákr.

Þórunna hefur áratuga reynslu af markaðsmálum og hefur að undanfögnu unnið að því að setja upp starfsemi Entravision á Íslandi sem vottaðs sölu- og þjónustuaðila fyrir Meta. Hún segir það hafa verið eitt hennar mest krefjandi verkefni til þessa.

Utan vinnu hefur Þórunna meðal annars unun af lestri góðra bóka.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Söngur og góðar sögur á hvaða formi sem er. Að skíða finnst mér líka afskaplega gaman, en ég væri einmitt til í að komast miklu oftar í brekkurnar. Svo er ég mikil fjölskyldumannskjia og líður alltaf best í faðmi hennar.



Þórunna Kristín Jónsdóttir segir ævisögu sína verða hið áhugaverðasta les efni, verði hún einhvern tíma skrifuð. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**



Það er áskorun í sjálfu sér að vita ekki alveg hvað er fram undan.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það tók mig langan tíma að hugsa um þetta. Það er kannski svolítið sjálfhverft en þær bækur sem hafa haft mest áhrif á mig eru bókasería sem ég skrifaði um markaðsmál.

Ekki að inntakið hafi haft svo mikil áhrif (ég kunni þetta jú), heldur reynslan, lærdómurinn og afrekið að skrifa og gefa sjálf út sex bóka seríu og uppgötva hvers megnug kona ég virkilega er.

Svo er ég reyndar eins og iðnadamennirnir heima hjá sér og hef ekki gefið mér tíma til að markaðssetja þessar bækur, en afrekið verður engu að síður aldrei tekið af mér.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Það hefur verið krefjandi en líka

lærdómsríkt að setja upp starfsemi Entravision á Íslandi sem vottaðs sölu- og þjónustuaðila fyrir Meta. Núna þegar sér fyrir endann á þessu verkefni er ég líka stolt af afrekinu og hlakka til að sjá hvernig þessu reidir af.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Akkúrat á þessari stundu veit ég það ekki alveg. Nú þegar Meta-verkefninu hefur verið hleypt af stokkunum breytast þær áskoranir sem felast í því verkefni. Ég fylgi því eftir í núverandi hlutverki eitthvað fram á vorið og svo koma hlutirnir í ljós.

Það er áskorun í sjálfu sér að vita ekki alveg hvað er fram undan – en líka spennandi og í því felast ýms tækifæri.

Hvar séðu þig eftir tíu ár?

Ég bara veit það ekki. Ég hef reynt í gegnum tíðina að plana framtíðina en lært það að fyrir mig er best að hafa einhverja smá hugmynd um hvert mig langar til að fara en annars að vera sveigjanleg og „go with the flow“. Að gera það hefur fært mér ýmis tækifæri og ævintýri sem ég hefði ekki viljað missa af og það er borðleggjandi að ef ávísagan mín verður nokkurn tímann skrifuð á hún svo sannarlega eftir að vera hið áhugaverðasta lesefni. ■

Án endurgjalds



Garðar Örn
Úlfarsson
gar

@frettabladid.is

S tórfelldar brotalamir eru í umgjörð sjókvíaldis hér á landi. Þetta leiðir úttekt Ríkisendurskoðunar skýrt í ljós. „Stjórnsýsla og eftirlit með sjókvíaldis hafa reynst veikburða og brotakennd og vart í stakk búin til að takast á við aukin umsvif greinarinnar,“ eru upphafsorð niðurstöðukafla Ríkisendurskoðunar sem gefa tóninn fyrir mat stofnunarinnar á viðfangsefninu.

Af nógu er að taka er kemur að agnóum, ekki síst varðandi lagaumgjörð og eftirlit með þessum umdeilda iðnaði. Lagabreytingum sem áttu „að stuðla að vexti og viðgangi greinarinnar í sátt“ við samfélagið og umhverfið hafi ekki verið fylgt eftir með eflingu stjórnsýslu og eftirlits.

Þá hafi hvorki skapast aukin sátt um greinina né hafi eldissvæðum eða heimildum til að nýta þann fisk sem talið sé óhætt að ala á tilteknum svæðum verið úthlutað með útbóði, bendir Ríkisendurskoðun á. Reyndar séu hvorki hagsmunaaðilar, ráðuneyti né stofnanir sátt við stöðu mála.

Það er sem sagt allt í tómu rugli. Kemur það naumast nokkrum manni á óvart. Og lýsingar Ríkisendurskoðunar verða svartari.

„Samþjoppun eignarhalds, stefnulaus uppbygging og rekstur sjókvía á svæðum sem vinna gegn því að auðlindin skili hámarks ávinningi fyrir ríkissjóð hefur fest sig í sessi án mikillar umræðu eða atbeina stjórnvalda,“ heldur Ríkisendurskoðun áfram að draga upp hina dökku mynd. Verðmætri aðstöðu og réttindum hafi verið úthlutað til langs tíma án endurgjalds. „Dæmi eru um að uppbygging sjókvíaldis skarist á við aðra mikilvæga nýtingu strandsvæða, svo sem siglingaleiðir, helgunarsvæði fjarskipta- og raforkustrengja og við hvíta ljóseira siglingavita,“ segir áfram.

Fiskeldisfyrirtækin fyrir sitt leyti eru ekki ánægð með rekstrarumhverfið, ekki síst ferlið í kring um margvísleg leyfi sem þurfi að afla fyrir starfseminni. Það sé bæði flókið og tímafrekt og þurfi að verða einfaldara og skilvirkara. Lagabreytingar fyrir níu árum sem hafi átt að tryggja einmitt það hafi litlu breytt. Skipulagsstofnun segir hins vegar að fyrirtækin undirbúi umsóknir sínar ekki nógu vel.

„Athygli vekur að formlegt samstarf ráðuneyta umhverfis og matvæla er nánast ekkert þegar kemur að fiskeldi. Þannig hafa verið settar reglur um rekstrarleyfi sem skarast á við ákvæði um starfsleyfi og öfugt,“ kemur einnig fram í skýrslunni þar sem athugasemdirnar virðast enga enda ætla að taka.

Ábyrgðin á þessu ástandi hvílir vitanlega á löggjafanum og stjórnsýslunni. Ríkisendurskoðun hefur hringt dyrabjöllunni þar á bæ og nú er að sjá hvort einhver komi til dyra. ■



Ríkisendurskoðun hefur hringt dyrabjöllunni.

HALLDÓR



FRÁ DEGI TIL DAGS

benediktboas@frettabladid.is

Hrútskýringar ráðuneytis

Dómsmálaráðuneytið ræður afar illa við gagnrýni. Á aðeins viku hefur ráðuneytið fengið á sig harða gagnrýni, annars vegar vegna skýrslu Rauða krossins um umborna dvöl flóttamanna og hins vegar skýrslu Amnesty International um gæsluvarðhald. Kallakallar hafa nú útskýrt fyrir skýrsluhöfundum hvornig hlutirnir virka og komið með sínar ábendingar á vef Stjórnarráðsins. Þar eru hlutirnir útskýrðir svo allir skilji enda vita skýrsluhöfundar yfirlétt ekki mikið í sinn haus. Svo virðist sem ráðuneytið falli í þann fúla pytt að hrútskýra fyrir skýrsluhöfundum og gera lítið úr vandamálinu sem skýrsluhöfundar eru að benda á.

Ekkert að

Í skýrslu Rauða krossins er rætt um aðstæður fólks sem hefur verið á Íslandi í allt að fimm ár án nokkurra réttinda. Engin þjóðerni eru nefnd en dómsmálaráðuneytið segir skýrsluna fjalla um aðstæður hóps einstaklinga sem sé einkum frá Írak og Nígíeríu. Allar útskýringar ráðuneytisins bera keim af yfirlæti. Vandinn sé í raun varla til staðar. Er kemur að því að hrútskýra skýrslu Amnesty um gæsluvarðhald er bent á að allar ábendingar séu teknar alvarlega. Ekkert er gert með athugasemdirnar en vegna umræðunnar segir ráðuneytið að fjalla þurfi nánar um fáein atriði. Aðferð af blaðsíðu eitt í kennslubók hrútskýringa. ■

Af strútum í sandi



Hanna Katrín
Friðriksson
formaður þingflokks Viðreisnar

Með fjárlögum 2023 slær ríkisstjórnin enn eitt Íslands-metið í eyðslu. Þrátt fyrir batnandi tekjuhorfur ríkissjóðs var lagt af stað inn í 2023 með aukinn halla frá forsendum fjármálaáætlunar og enn hærra vaxtagjöld.

Með öðrum orðum skilaði ríkisstjórn VG, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar enn og aftur fjárlögum sem auka ríkisútgjöld um tugi milljarða. Skýr merki um aðhald eru hróplega fjarverandi. Eins fær forgangsröðum ríkisútgjaldanna falleinkunn. Það á jafnt við um forgangsröðun þeirra útgjalda sem ríkissjóður á fyrir og þeirra sem ríkisstjórnin tekur lán fyrir hjá skattgreiðendum framtíðarinnar. Íslensk heimili búa nefnilega við þann veruleika að á tímum fordæmalausrar ríkisútgjaldaþenslu lengjast biðlistar eftir heilbrigðis- og öldrunarþjónustu sem aldrei fyrr. Griðarleg þörf er fyrir uppbyggingu í samgöngum og í menntakerfinu er kallað eftir fjárfestingu í langtíma-hugsun. Listinn er lengri og öllum er það augljóst að hér þarf að gera betur.

Á sama tíma og spár um stöðu þjóðarbúsins hafa versnað. Á sama tíma og aðgengi atvinnulífsins að erlendu fjármagni hefur þröngst. Á sama tíma og vextir virðast enn á uppleið þrátt fyrir fyrirheit um annað. Á sama tíma og ríkissjóður borgar meira í vexti á ári en fer í að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu heimila í gegnum Sjúkratryggingar Íslands. Á sama tíma og bleikið er varla þornað á fjárlögum ársins þá stígur ráðherra ríkisstjórnarinnar fram með leikþátt um frá-leita sölu eftirlitsflugvélar Landhelgisgæslunnar til að tryggja enn meiri peninga úr gáltómum og hriplekum ríkiskassa. Hvaða frekari uppákomum megum við búast við á næstunni?

Það er ekki traustvekjandi að fylgjast með ríkisstjórninni haga sér eins og skelkaðir strútar í stað þess að sýna nauðsynlega fjárhagslega ábyrgð. Einn ráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, virðist hafa kippt höfðinu upp úr sandinum og ætlar að ná fram 650 milljóna hagræðingu á ári með sameiningu stofnana. Það verður örugglega erfið framkvæmd. Jafnvel sársaukafull. Það er hins vegar ekki endalaust hægt að senda reikning af ósjálfbærum rekstri ríkissjóðs á heimili landsins í nútíð og náinni framtíð af því að stjórnvöld treysta sér ekki í erfiðu verkin. ■



Það er hins vegar ekki endalaust hægt að senda reikning af ósjálfbærum rekstri ríkissjóðs á heimili landsins.

FRÁBÆRT TILBOÐ

á kver.is – kr. 3.399

Síðasti séns fyrir Loka!

Skemmtileg bók í dagbókarstil um Loka Laufeyjarson sem sendur er til jarðar sem 11 ára strákur til sanna að hann geti bætt ráð sitt.



Fri heimsending á höfuðborgarsvæðinu!



Það er gaman að hlusta í heyrnartólum en hávaðinn er varasamur.

Heyrnartól í hófi

thordisg@frettabladid.is

Heyrn sem tapast vegna hávaða kemur ekki aftur. Í dag er yfir milljarður ungmenna um allan heim í hættu á að tapa heyrn vegna notkunar á heyrnartólum og telur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að helmingur fólks á aldrinum 12 til 35 ára noti að staðaldri hættulegan styrk í heyrnartólum sínum.

Hver og einn getur verndað heyrn sína. Foreldrar gegna lykilhlutverki í að leiðbeina börnum sínum. Hér eru ráð fyrir þá sem vilja varðveita heyrnina og hlusta af öryggi.

- Gott viðmið er að stilla hljóðstyrkinn aldrei nema 60 prósent af því sem hægt er. Veljið vönduð heyrnartól. Almennt er betra fyrir heyrnina að nota stór heyrnartól frekar en þau sem stungið er í hlustina.
- Takmarkið tímamann með heyrnartól við eina klukkustund á dag. Tónlist sem kemur stanslaust í eyrun í gegnum heyrnartól reynir mikið á heyrn og þótt hljóðstyrk sé stillt í hóf er stöðugt áreiti á heyrnina ekki gott.
- Gefið eyrunum hvíld. Takmarkið tíma í hávaða. Haldið ykkur fjarri hátölurum á samkomum og reynið að koma ykkur í skjól frá miklum hávaða.
- Heyrnartap kemur smám saman og getur verið lúmskt. Ef þið þurfið oft að hvá og heyrið ekki það sem fólk segir er ástæða til að láta lækni skoða hvort heyrnin sé að tapast.

HEIMILD: HEILSUVERA.IS



Ásdís Birta Auðunsdóttir er með BS-gráðu í næringarfræði og hefur mikinn áhuga á heilbrigðum lífsstíl en hún mælir hiklaust með vörulinunni frá Cure Support fyrir alla sem vilja tryggja hámarksupptöku og nýtingu næringarefna í líkamanum.

MYND/ADSEND

Ný vítamín framleidd með hinni byltingarkenndu liposomal-tækni

Cure Support hefur í tvo áratugi verið að þróa hin öflugustu bætiefni sem völ er á með liposomal-tækni sem tryggir hámarks nýtingu og upptöku næringarefna í líkamanum. **2**

MEKÓ

MEKO.IS

MENNING
Í KÓPAVOGI

Cure Support er hollenskt fyrir-tæki sem einbeitt sér að þróun og framleiðslu á hágæðabætiefnum. Fyrirtækið er með sína eigin framleiðslu þar sem helsta áherslan er á frásog bætiefna í líkama okkar. Þessi háþróaða tækni hefur verið að þróast í tvo áratugi og ekki að ástæðulausu þar sem vörur unnar með þessari tækni hafa slegið í gegn víða um heim. Aðalmarkmið Cure Support er að útbúa áhrifarík bætiefni sem veita þér hámarksvirgni og góða líðan með svokallaðri liposomal-tækni.

Tryggir hámarksnýtingu og upptöku næringarefna

Ásdís Birta Auðunsdóttir er með gráðu í næringarfræði og hefur kynnt sér fyrirtækið Cure Support og liposomal-tæknina afar vel en hún segir okkur hér frá hvernig tæknin virkar og hvaða kosti slík bætiefni hafa umfram önnur bætiefni.

Liposomal eru örtiltar kúlulaga loftbólur sem samanstanda af einu eða fleiri fosfólípíðum sem eru náttúruleg lípíð eða fita. Bætiefni sem unnin eru með liposomal-tækni eru umlukin tvöfaldrum fituhimnu sem verndar og eykur upptöku í meltingarvegi en tæknin gerir það að verkum að bætiefnið virkar þannig hraðar og betur ásamt því að líkaminn á auðveldara með að nýta næringarefni.

Tæknin hefur að auki þá eiginleika að verja næringarefni fyrir til dæmis ensimum, magasýrum og öðru sem fyrirfinnst í meltingarkerfinu sem gerir það að verkum að næringarefni skila sér betur til frumna og vefja og kemur þannig í veg fyrir að stærri skammtar af vítamínum valdi óþægindum eða truflunum í meltingarvegi.

Með slíkum hætti verður upptakan mun skilvirkari og tryggir tæknin hámarksnýtingu og upptöku næringarefnanna í líkamanum. Bætiefni sem unnin eru með liposomal-tækni henta því afar vel fyrir þá sem eiga erfitt með upptöku næringarefna af einhverjum ástæðum sem og öllum sem vilja skilvirka og góða upptöku næringarefna.

Hylkin eru unnin með einkaleyfisvarinni Aktin-tækni

Cure Support hefur framleitt magnesíum með liposomal-tækni sem er einstaklega áhrifarík leið til þess að fá daglegan skammt af þessu mikilvæga steinefni. Varan



Magnesíum – Stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina, tanna og vöðvastarfsemi.



D3 – Stuðlar meðal annars að viðhaldi eðlilegra beina og tanna.

er í fljóttandi formi sem gerir það að verkum að steinefnið skilar sér beint út blóðrásina og tryggir þannig hámarksupptöku. Cure Support hefur að auki þróað sérlega áhugaverða aðferð sem kallast Aktin-tækni þar sem liposomal-tæknin er notuð til þess að útbúa hylki.

Cure Support er með einkaleyfi á Aktin-aðferðinni. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hylki, sem framleidd eru með Aktin-tækni þar sem liposomal-tæknin er notuð, frásogast betur samanborið við önnur sambærileg bætiefni í hylkjaformi. Cure Support hefur þróað aðferðina til fjölda ára en meginmarkmið með að nota þessa aðferð er að ná hágæða frásogi og upptöku næringarefna í líkamanum.



Q10 – tekur þátt í því að vinna orku úr fæðuefnum í grunnefnaskiptum frumnanna. Q10 er einnig öflugt andoxunarefni.



D3-K2 – einstaklega áhrifarík blanda en saman stuðla þessi næringarefni að því að kalk frásogist úr blóðinu og skili sér til beina.



C-vítamín – Gegnir fjölda mikilvægra hlutverka í líkama okkar, meðal annars eykur það frásog járns.

Bætiefni sem unnin eru með liposomal-tækni eru umlukin tvöfaldrum fituhimnu sem verndar og eykur upptöku í meltingarvegi.

Ásdís Birta Auðunsdóttir

Frábært vöruúrval Cure Support

Cure Support býður upp á frábært úrval af öflugum vörum sem framleiddar eru með Aktin-tækni. Vöru-línan inniheldur fyrst og fremst Magnesíum sem unnið er með liposomal-tækni og fimm vörur til viðbótar þar sem unnið er með Aktin-tæknina. Aktin-vörulínan inniheldur D3-vítamín sem stuðlar meðal annars að viðhaldi eðlilegra beina og tanna. K2 + D3-vítamín-blandan er einstaklega áhrifarík en samvirkin K2 og D-vítamíns er gríðarlega mikilvæg fyrir manns-líkaman en saman tryggja þessi næringarefni að kalk frásogist úr blóðinu og skili sér til beinanna þar sem það bætir beinþéttni.

Að auki býður Cure Support upp á B12-vítamín sem stuðlar meðal annars að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og er afar mikilvægt fyrir myndun rauðu blóðkornanna sem sjá um að flytja súrefni um líkama okkar, sem og C-vítamínhylki en C-vítamín gegnir fjölda mikilvægra hlutverka í líkama okkar svo sem að auka frásog járns.

Síðast en ekki síst fást Q10 hylki í vöru-línu Cure Support en Q10 hefur lengi verið þekkt fyrir heilsueflandi eiginleika sína fyrir mannslikamann en meðal annars tekur það þátt í að vinna orku úr fæðuefnum í grunnefnaskiptum frumnanna ásamt því að vera öflugt andoxunarefni.

Vöru-lína Cure Support inniheldur eitthvað fyrir alla:

- Vegan
- Enginn sykur
- Ekkert glúten
- Engin gerviefni
- Hraðari upptaka – Betri virkni

CURESUPPORT
IT'S ALL ABOUT ABSORPTION

BetterYou™ Vegan Health

Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Beta og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

- Vegan D3
- B12
- Járn & Joð

Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019



Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverðslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

Bílablaðið

8. FEBRÚAR 2023

Bronco er skemmtun fyrir allan peninginn

Prófanir á jeppum voru daglegt brauð á fjölmiðlum fyrir tveimur áratugum síðan. Margt hefur þó breyst á undanförunum árum og heyra slíkar prófanir núna til algerra undantekninga. Við tókum því þess vegna fagnandi þegar tækifæri bauðst til að prófa nýja Bronco-jeppann í alvöru snjó á dögnum. **6**



MYND/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON

BUGATTI CHIRON PROFILÉE

2



Dýrastur á uppboði

XPENG G9

4



Kominn til Evrópu

HONGQI E-HS9

8



Reynsluakstur

Hágæða hreinsiefni frá Koch-Chemie




Elsta mótorhjól heims selt á uppboði

njall@frettabladid.is

Elsta mótorhjól sem til er í heiminum í dag er 1894 árgerð af vel varðveittu Hildebrand & Wolfmuller mótorhjóli. Það var á dögunum selt á uppboði hjá Bonhams í Bretlandi og fór þar fyrir 30 milljónir króna.

Hildebrand & Wolfmuller mótorhjól er fyrsta farartækið sem kallað var mótorhjól og er athyglisvert að mörgu leyti. Það er með 1.488 rsm V2-vél sem er vatnskæld og er afturbrettið í raun og veru tankur fyrir vatnið. Stimplar vélarinnar voru beintengdir



Hildebrand & Wolfmuller mótorhjól var með stærstu vél sem nokkurt mótorhjól hafði haft, langt fram á síðustu öld.

við afturhjól, sem er með heilli felgu sem virkaði eins og svinghjól. Gúmmíteygjur sáu um að hjálpa stimplunum að koma til baka. Hjólið kemur á loftfylltum dekkjum, þeim fyrstu frá Dunlop sem voru fyrir mótorhjól.

Hjólið gat náð um 50 km hraða og til að stöðva það voru nokkrar skeiðar sem lögðust upp að dekkinu þegar tekið er í bremsuhandfangið. Hjólið hefur verið í eigu sama aðila frá 1990 en það var spænskur safnari að nafni Carlos Garriga. Ekki fylgir fréttinni hver það var sem keypti hjólið. ■



Munro-rafjeppinn er kassalaga eins og bæði Bollinger og gamli Defender-jeppinn.


Bollinger og Munro í hár saman

Kassalaga útlit hefur hingað til ekki þótt eftirsóknarvert nema í gamaldags jeppum en núna er staðan sú að tveir framleiðendur rafdrifinna jeppa vilja keppa um að bjóða slíkt útlit.

njall@frettabladid.is

Stutt er síðan við sögðum frá því að Munro-rafjeppinn frá Skotlandi fór á markað en Bollinger Motors hefur nú höfðað mál á hendur merkinu fyrir að Munro-jeppinn líkist of mikið B1-jeppanum þeirra. Málið á sér smá forsögu þar sem yfirhönnuður Munro, Ross Compton, var hönnuður yfirbyggingar hjá Bollinger Motors frá 2015–2017. Hann fór svo til Atlis Motor Vehicles áður en hann hóf störf fyrir Munro Vehicles árið 2021. Munro Vehicles hefur einnig lýst því yfir að sala á Munro-jeppanum muni hefjast í Norður-Ameríku seinna á þessu ári, og einmitt þess vegna ákvað Bollinger Motors að höfða mál.

Er málið höfðað fyrir dómstólum í New York-fylki og segir Boll-



Bollinger-rafjeppinn kom fyrst á markað í Bandaríkjunum. MYND/BOLLINGER

Yfirhönnuður Munro var áður hönnuður yfirbygginga hjá Bollinger Motors frá 2015-2017.

inger í kærinni að málshöfðunin sé vegna „vel auglýstra hönnunaratriða, eins og mikillar notkunar flatra flatra, opinna handfanga og hönnunar hjólaskála“, svo dæmi sé tekið. Að sögn forstjóra Munro Vehicles, Russell Peterson, tekur framleiðandinn kærna alvarlega og mun grípa til varna fyrir hönnun bíla sinna. Hvort Land Rover skoði nú að höfða mál gegn þessum aðilum báðum á þó eftir að koma í ljós. ■



Bugatti Chiron Profilée var aðeins framleiddur í þessu eina eintaki en til stóð að framleiða 30 stykki. MYND/BUGATTI

Bugatti Chiron fer fyrir metupphæð

njall@frettabladid.is

Hinn eini og sanni Bugatti Chiron Profilée var nýlega sleginn fyrir 1,53 milljarða íslenskra króna á uppboði RM Sotheby's í París. Það er hæsta upphæð sem greidd hefur verið fyrir nýjan bíl seldan á uppboði. Venjulegur Bugatti Chiron er engin bónusvara en hann er samt meira en þrisvar sinnum ódýrari en þessi bíll sem aðeins var smíðaður í þessu eina eintaki. Um leið er þessi bíll sá

síðasti sem Bugatti framleiðir með W16-vélinni. Til stóð að framleiða 30 eintök af bílnum með takmarkaða framleiðslu í huga en hætt var við þau áform. Um sneggst Bugatti Chiron er að ræða í þessum bíl og lét Bugatti meðal annars breyta loftflæði hans, stýrisbúnaði og fjöðrunarkerfi. Einnig er styttra á milli girá sem gefur honum meiri hröðun en áður. Ekki var gefið upp hver keypti bílinn annað en að hann hefði farið til bílasafnara. ■

www.detailsetrid.is

Allt í bílaprifin á einum stað

Allar helstu vörur frá vörumerkinu GYEON

Upplýsingar og ráðgjöf veitir
Andri í síma 787-7888
eða andri@detailsetrid.is

DETAIL SETRID
WWW.DETAILETRID.IS - 787 7888



Þrátt fyrir mikla lækkan á Tesla Model Y fara aðrir framleiðendur sér hægt með lækkanir á sínum bílum. MYND/FORD

Ford Mustang lækkar en Tesla Model Y hækkar

njall@frettabladid.is

Ford í Bandaríkjunum hefur tilkynnt að framleiðsla á Mustang Mach-E verði aukin ásamt því að lækka verðið á bílnum. Verðið á dýrustu útgáfu hans, GT Extended Range, lækkaði mest eða um 5.900 dollara, en grunnútgáfan lækkaði aðeins um 900 dollara. Verðlækkunin er til að bregðast við lækkanum á Tesla Model Y en Mustang Mach-E var einmitt settur á markað til höfuðs honum. Ford hafði reyndar lækkað verð á Mustang Mach-E síðastliðið sumar og boðið hann með meiri búnaði. Þrátt fyrir þessar lækkunarir hefur verðið ekki lækkað

niður fyrir það sem verðið var fyrir hækkunir. Ford hefur ekki gefið það út að lækkanin muni ná til Evrópu líka eins og í tilfelli Tesla.

Tesla hefur aftur á móti hækkað aftur verð á Model Y um 1.000 dollara eftir að stjórnmöld í Bandaríkjunum hækkðu þá upphæð sem rafbílar mega kosta til að kaupendur fái skattafrádrátt. Ef billinn er jepplingur má hann kosta allt að 80.000 dollara til að hann fái skattafrádrátt, en þakið fyrir fólk-bíla er 55.000 dollarar. Þetta er í annað sinn á tveimur vikum sem verð á Model Y hefur hækkað en billinn er nú 15–17% ódýrari en hann var fyrir lækkan. ■



ergo

Látum það gerast

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar

Við aðstoðum einstaklinga og fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum við að fjármagna kaup á bílum, ferðavögnum, rafhjólum og hleðslustöðvum. Við bjóðum einnig græn lán til kaupa á vistvænum

farartækjum því öll viljum við draga úr losun.

Hafðu samband og við hjálpum þér að láta hlutina gerast.



Fimmta kynslóð Hyundai Santa Fe verður áfram með brunahreyflum og líka sem tengiltvinnubíll. MYND/AUTO EXPRESS

Fyrstu nýsnamyndir af Hyundai Santa Fe

njall@frettabladid.is

Tímaritið Auto Express birti á dögunum fyrstu nýsnamyndir sem náðst hafa af nýjum Hyundai Santa Fe. Eins og sjá má á myndunum er talsverðra breytinga að vænta með næstu kynslóð.

Þrátt fyrir mikinn dulbúnað sést vel að nýi bíllinn verður með hvassari línur og hann er lengri fyrir aftan afturhjul til að rýma fyrir þriðju sætaröðinni. Þegar Santa Fe fékk andlitslyftingu árið 2021 fékk bíllinn annars nýjan N3-undirvagn sem stækkaði bíllinn talsvert. Einnig leyfði undirvagninn að hann gat komið í tvinnútgáfum og tengiltvinnútgáfu. Búast má við að fimmta kynslóðin noti sama N3-undirvagn svo að ekki má búast við rafdrifinni útgáfu af bílnum, enda


” Santa Fe fær hvassari línur en áður og hann er líka lengri fyrir aftan afturhjul. Hann mun þó koma á sama N3-undirvagninum með brunahreyflum og tengiltvinnútgáfu.

mun Hyundai Ioniq 7 sjá um að gegna því hlutverki. Líklegt má teljast að bíllinn fái mikið til sama tæknibúnað og nýr Ioniq 6. Bíllinn verður líklega frumsýndur seinna á þessu ári og fara í sölu árið 2024. ■

Suzuki með rafdrifinn Jimny í pípunum

njall@frettabladid.is

Þeir sem hafa grátið það að Suzuki Jimny er aðeins fánlegur sem tveggja manna bensínbíll á Íslandi geta nú tekið gleði sína á ný. Samkvæmt áætlunum Suzuki yfir rafbíla sem merkið ætlar að koma með á markað fyrir 2030 er rafdrifinn Jimny þar á meðal. Suzuki birti mynd af bílnum ásamt fjórum öðrum rafbílum sem væntanlegir eru frá merkinu á næstu árum.



Myndin með frétt Suzuki sýnir skuggamynd af Jimny með díóðuljósum. MYND/SUZUKI

Skuggamyndin af bílnum sýnir útlinur hefðbundins, þriggja dyra Jimny en ljósin eru ný af nálinni og einnig virðist grillið vera með

díóðuljósum. Á sögn Suzuki er einn af þessum bílum tvinnubíll en hinir 100% rafbílar. Ekki er vitað hvort þessi Jimny sé rafbíll eða tvinnubíll en Suzuki Vitara er meðal annars boðinn sem tvinnubíll með 1,5 lítra bensínvél. Einnig er ljóst, með stiga-grindinni sem nú er í bílnum og því litla hjólhafi sem hann er með, að rafhladan yrði ekki mjög stór ef um 100% rafbíll er að ræða. Fyrsti rafbíllinn sem kemur frá Suzuki mun koma á markað á næsta ári en það er ekki Jimny. Gaman verður þó að fylgjast með frekari fréttum af þessum bíl á næstunni. ■



Xpeng G9 er með næstum því þriggja metra hjólhafi.

Xpeng G9 fer á markað í Skandinavíu og Hollandi

XPeng ætlar sér stóra hluti í Evrópu eftir nokkur ár og fyrsta skrefið er að koma með G9-bílinn á markað.

njall@frettabladid.is

Kínverski framleiðandinn Xpeng hefur sett G9-rafbílinn á markað í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Hollandi. Hann kemur á sama Edward-undirvagni Xpeng og P7-fólksbíllinn en sá undirvagn er fyrir stærri gerðir rafbíla. Bíllinn er 4.800 mm að lengd svo að hann er aðeins stærri en Kia EV6 eða Hyundai Ioniq 5 til að mynda. Hjólhafið er líka 2.998 mm svo að plássíð ætti að vera allgott fyrir farþegana.

Xpeng G9 mun koma í þremur útgáfum, en sú ódýrasta verður með einum mótör fyrir afturdrifið og með LFP-rafhlöðu sem er 78,2 kWst. Það mun duga fyrir 460 km drægi samkvæmt WLTP-staðlinum. Mótörinn skilar 308 hestöflum og er upptak hans í hundraðið 6,4 sekúndur, en hleðsluhraði er 260 kW. Einnig koma tvær útgáfur bílsins með stærri NCM-rafhlöðu sem er 98 kWst. Afturhjóladrifin útgáfa hans verður með sama mótör en 570 km drægi og 300 kW hleðsluhraða. Fjór hjóladrifin útgáfa hans verður samtals 543 hestöfl og með 717 Nm togi. Sá bíll verður aðeins 3,9 sekúndur í hundraðið og með 540 km drægi.

Bílum er ætlað að taka kaupendur frá lúxusmerkjum eins og



Tveir 15 tommu margmiðlunar skjár eru hægra megin við ökumanninn.

” Fjór hjóladrifin útgáfa G9 verður samtals 543 hestöfl og með 717 Nm togi og er sá bíll aðeins 3,9 sekúndur í hundraðið.

Mercedes-Benz og BMW. Fyrir framan ökumann er 10,25 tommu upplýsingaskjár en til hliðar eru tveir 15 tommu margmiðlunar skjár. Skjárinn lengst til hægri verður ekki sýnilegur ökumanni. Verðið á bílnum í Skandinavíu byrjar í 8,9 milljónum króna en dýrasta útgáfan verður kringum 11 milljónir króna.

Meðal staðalbúnaðar verður sólþak, varmadæla, loftkæld framsæti, upphitun aftursæti og stýri. Xpeng hefur sett markið á sölu í fleiri löndum í Evrópu en spurningin er hvenær hann verði þá fánlegur á Íslandi. ■

Zeekr X setur stefnuna á Evrópumarkað

njall@frettabladid.is

Kínverski rafbílaframleiðandinn Zeekr hefur frumsýnt nýjustu afurð sína, Zeekr X, sem er nokkurs konar borgarjæpplingur. Bíllinn verður formlega frumsýndur á Bílasýningunni í Sjanghai í apríl. Zeekr er í eigu Geely sem einnig á Volvo og er nýi bíllinn byggður á sama SEA-undirvagni og væntanlegur EX30 og Smart #1.

Áð sögn Zeekr er bíllinn aðeins fjórar sekúndur í hundraðið svo að líklegt má teljast að hann sé með sömu Brabus-útfærslu og fjór hjóladrifinn Smart #1. Zeekr X er 4.450 mm að lengd

svo að hann er örlítið stærri en Kia e-Niro, en hjólhafið er 2.750 mm. Ekki eru nein hurðarhandföng sjáanleg á myndum af bílnum en í hurðarbitum vottar fyrir tökkum.

Gluggalínan er sérstök með upphækkun frá miðri afturhurð sem gefur bílnum auðþekktanlegan hliðarsvip.

Þó að Aeekr hafi ekki gefið það formlega út að bílar framleiðandans verði seldir í Evrópu hafa innanhússgögn frá Zeekr sem lekið var á netið bent til þess að merkið ætli að hasla sér völl í Evrópu frá og með 2025. Búast má við að Zeekr X henti vel á þeim markaði. ■



Engin hurðarhandföng eru sjáanleg en það vottar fyrir hnappi neðst á hurðarbitum.

MYND/ZEEKR

HLEÐSLUVAKTIN

ÖRUGG HLEÐSLA. PRÝÐI Á PLANINU.

Hleðsluvaktin sinnir engu öðru en hleðslu rafbíla og sérhæfir sig í hleðslulausnum allt frá hugmynd að hleðslu og rekstri hleðslukerfa með 24/7 þjónustuveri.

Fjölbýli Miðlægt hleðslukerfi fyrir húsfélög og íbúa



Uppfyllum allar kröfur HMS um öryggismál og erum með vottaða MID gjaldmæla innbyggða í hverri hleðslustöð.

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Álagsdreifing

Miðlæg og dýnamísk álagsdreifing tryggir hámarks afköst með takmakað rafmagn.



Gjaldtaka

Sveigjanleg og sjálfvirk greiðslumiðlun sem er stillanleg og óháð orkusala.

Aðgangsstýring


Aðgangi er stýrt með símaappi og/eða hleðslukorti til að tryggja rétta notkun.



Þjónustuver 24/7

Þjónustuverið er opið allan sólarhringinn allt árið í kring fyrir tæknilega aðstoð og ráðgjöf.

Fyrirtæki Miðlægt hleðslukerfi fyrir starfsfólk og viðskiptavinum



HLED.IS

info@hledsluvaktin.is
513 1900



Reynsluakstur

Ford Bronco WildTrak

Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

KOSTIR

- Torfærugeta
- Léttur í stýri
- Farangursrými

GALLAR

- Vindhljóð
- Innstig í aftursæti
- Verð

Grunnverð: 21.360.000 kr.
Hestöfl: 330
Tog: 557 Nm
Hröðun 0-100 km: 7,7 sek.

Skipting: 10 þrepa sjálfskipting
CO2: 331 g/100 km
Eyðsla bl.ak.: 14 l/100 km WLTP
L/B/H: 4.811/2.014/1.913 mm

Hjólhaf: 2.949 mm
Veghæð: 279 mm
Vaðdýpt: 924 mm
Farangursrými: 1.085 l



Aflið í 330 hestafla WildTrak-útgáfunni lætur finna vel fyrir sér.
MYNDIR/TRYGVI PORMÓÐSSON


Skemmtun fyrir allan peninginn

Aðdáendur Bronco-jeppans í Evrópu horfa nú eflaust öfundaraugum til Íslands, sem er fyrsta landið í álfunni til að fá að selja nýja Bronco-jeppann. Hingað komu 30 eintök rétt fyrir jöl í WildTrak- og Raptor-útgáfum og Fréttablaðið fékk loks tækifæri til að prófa bílinn í janúar.

Prófunarhelgin hefði ekki getað hentað betur því að allt var fullt af snjó og stefnan því sett á ófæran Þormóðsdalinn meðal annars. Ford Bronco er Íslendingum góðkunnur enda var hann með vinsælli jeppum hér á seinni hluta síðustu aldar. Hann var einn af fyrstu lúxusjeppunum ef svo má segja en fram að komu hans árið 1966 voru allir jeppar meira byggðir eins og truckar. Það var þá en núna eru afskaplega fáir bílar framleiddir sem falla undir jeppaskilgreininguna. Þess vegna voru það góðar fréttir þegar Bronco snéri aftur, og það sem jeppi. Líkt og áður er hann byggður á grind, er með hátt og lágt drif og meira að segja rafdrifnar læsingar að framan og aftan. Útlitslega sækir hann margt til bílsins frá 1966. Axlarlína bílsins nær frá húddi alla

leið aftur eins og á upprunalega bílnum. Grillið að framan stendur sér og til hliðanna eru kringlótt aðalljós og að aftan lóðrétt afturljós. Þar fyrir utan er stórt varadekk á afturhleranum sem opnast til hægri.

Að innan er einnig margt sem minnir á gamla tíð eins og flatt mælaborð. Allir takkar eru hefðbundnir og auðveldir í notkun og aðrir fullkomnari, eins og 12 tommu snertiskjárinn með Sync 4-kerfinu sem er kominn með raddstýringu. Á báðum endum mælaborðsins eru handföng til að grípa í þegar sest er upp í bílinn sem kemur sér vel þar sem WildTrak-útgáfan kemur á 35 tommu dekkjum. Útsýni fram á við virðist ágætt en erfitt er þó að sjá fram yfir langt vélarrýmið. Aftur á við er útsýnið hins vegar afar takmarkað. Leðurklædd sætin eru stór og þægileg og vel fer um fullorðna í öllum sætum hans. Aðeins þarf að hagræða sér til að komast í aftursætin enda eru stórar hjólskálur hans að aftan frekar fyrirferðarmiklar. Besta plássið er þó í farangursrýminu sem er mikið um sig svo að auðvelt ætti að vera að koma fyrir stærri hlutum. Afturhleri opnast til hægri og nær



Mælaborðið er blátt áfram og tólf tommu skjárinn með SYNC 4-kerfinu er þægilegur í notkun.

opnunin meira en 90 gráður svo að auðvelt er að hlada bílinn, sé nóg pláss fyrir aftan hann. Óhætt er að segja að bíllinn kemur vel búinn í WildTrak-útgáfunni. Hann er með leðri á sætum og rafdrifin framsæti, Bang&Olufsen-hljómtæki með tíu hátölurum og bassakeilu, upphitað stýri, þráðlausa símahleðslu og hraðastilli með hraðatakmarkara.

Það verður seint sagt um nýjan Bronco að hann sé leiðinlegur í

» Líkt og áður er Bronco-jeppinn byggður á grind, er með hátt og lágt drif og meira að segja rafdrifnar læsingar að framan og aftan.

torfærum. Ford Bronco Wildtrak kemur með H.O.S.S. 2.0 fjöðrunarkerfi með Bilstein-dempurum. G.O.A.T.-kerfið stendur fyrir að bíllinn komist yfir hvaða torfæru sem er og sú lýsing á bara vel við. Sjö akstursstillingar eru fyrir hendi og fyrir utan þessar hefðbundnu eru stillingar eins og Slippery, Sand, Mud og Baja fyrir þá sem vilja leika sér. Bíllinn fékk að reyna þungan og pakkadan snjó sem var allt að metra djúpur



Sjálfstæð fjöðrun að framan gerir mikið fyrir aksturs-eiginleika Bronco-jeppans.

og átti billinn auðvelt með að krafla sig í gegnum hann. Óku- maður þarf þó aðeins að hafa fyrir hlutunum enda billinn öflugur og eins gott að passa sig þegar hestöflin 330 fá allt í einu grip. Betra er að láta gott tog vélarinnar malla gegnum torfærurnar enda fær billinn nóg afl jafnvel við 1.500–2.000 snúninga. Venjulega eru alvöru jeppar frekar þungir í öllum almennum akstri en það er ekki reyndin með Bronco. Þar sem hann kemur á sjálfstæðri fjöðrun að framan er hann léttari í stýri og nokkuð nákvæmur þótt hann sé auðvitað ekki eins og sportbill í akstri. Ef hægt er að kvarta yfir einhverju í akstri hans er það helst vindhljóð frá rúðum en enginn kantur er á efri hluta þeirra. Einnig er eyðslan umtalsverð og í reynsluakstrinum fór hún aldrei undir 20 lítra enda aðstæður ekki upp á það besta.

Ekki er hægt að skrifa um nýjan Ford Bronco án þess að ræða aðeins verðið. Hérlendis er aðeins hægt að fá WildTak- og Raptor-útgáfunar eins og er, og grunnverð ódýrari WildTrak-útgáfunar byrjar í 21.360.000 krónum sem er vel í lagt. Erkióvinur Bronco er að sjálf- sögðu Jeep Wrangler sem er aðeins boðinn hérlendis í 4xe-tengiltvinnútgáfunni en sá bill kostar frá 13.800.000 krónum óbreyttur. Sá bill er reyndar gefinn upp fyrir 374 hestöfl en sattu best að segja finnur maður mun meira fyrir hestöflunum í Ford Bronco. Ódýrasti fimm dýra Defender-jeppinn kostar frá 15.190.000 krónum í 300 hestafla tengiltvinnútgáfu og er það nokkuð vel búinn bill. Samanburður við þessa bíla verður þó nokkuð ójafn þegar haft er í huga að CO2-gildi Ford Bronco er 331 gramm á hverja 100 kílómetra svo að hann er í mjög háum tollflokki. Ef kaupendur eru til í að setta sig við verðið er óhætt að lofa skemmtun fyrir allan peninginn. ■



Pláss í aftursætum er vel viðunandi með framsæti í öftustu stöðu en hjólskálur flækjast aðeins fyrir innstigi.



G.O.A.T.-kerfið er stillanlegt með snúnings- takka en einnig má velja fjór- hjóladrif eða lágt drif hand- virkt.



Í farangursrýminu er hátt til lofts og vilt til veggja og hlerinn opnast til hægri.



Góð vinnsla er í 2,7 lítra V6-vélinni hvar sem er á snúningsvðiðinu.



Reynsluakstur

Hongqi E-HS9

Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

KOSTIR

- Sæti
- Hljóðlátur
- Afþreying

GALLAR

- Lítil endurhleðsla
- Stilling hliðarspegla
- Þyngd

Grunnverð: 11.990.000 kr.
Hestöfl: 551
Tog: 670 Nm
Hröðun 0-100 km: 4,9 sek.

Hámarkshraði: 200 km
Rafhlaða: 99 kWst
Hleðslugeta DC/AC: 108/11 kW
Drægi: 465 km

L/B/H: 5.210/2.010/1.730 mm
Hjólhaf: 3.110 mm
Veghæð: 200 mm
Eigin þyngd: 2.645 kg



Framendi Hongqi er ábúðarmikill og minnir nokkuð á Rolls Royce.

MYNDIR/TRYGGVI
ÞORMÓÐSSON

Komið er á markað hjá BL nýtt bílamerki sem er kínverska lúxusmerkið Hongqi. Fyrsti bíllinn frá merkinu í sölu er E-HS9 sem hefur hingað til aðeins verið seldur í Noregi.

Hvað er stór kínverskur dreki sem er hugsaður fyrir kínverska elítu, að gera á Íslandi? Það er fyrsta spurningin sem manni dettur í hug þegar fréttist að lúxusbíllinn Hongqi sé kominn með umboð á Íslandi á Sævarhöfðanum. Reyndar þarf það kannski ekki að koma á óvart því að bíllinn er nokkuð vinsæll í Noregi og kínverskum bílum fjölga ört á rafbílamarkaði. Hongqi er líka elsta bílamerki Kína með meira en 60 ára sögu á bak við sig, en merkið er nú í eigu FAW sem einnig smíðar bíla fyrir Toyota, Audi og Volkswagen fyrir heima-markaðinn. Hongqi ætlar sér stóra hluti í slagnum um kaupendur rafbíla og fyrsta skrefið er lúxusbíllinn E-HS9.

Þægindi eru greinilega eitthvað sem hönnuðir Hongqi kunna upp á sína tíu. Stórar hurðirnar opnast vel og þar sem bíllinn er hár þarf varla að beygja sig þegar sest er inn í stásstofuna. Hurðirnar lokast sjálfkrafa ef ekki er skellt nógu vel á eftir sér og þegar inn er komið tekur röð afþreyingarskjáa á móti manni. Upplýsingaskjárinn fyrir framan öku mann er sér á parti því að enginn sér á hann nema sá sem situr í öku mannssætinu. Sætin eru alveg sérkapítuli enda hægt að lengja í setu og stilla þau á marga vegu svo að þau verði sem þægilegust, svo ekki sé minnst á búnað eins og kælingu. Reyndar er svo einnig með aftursætin sem fá sömu meðferð og framsætin, enda eflaust gert ráð fyrir því að eigendur Hongqi E-HS9 sitji oft þar og láti aðra sjá um aksturinn. Kannski hefði verið best að prófa bíllinn úr aftursætinu, og láta einhvern annan sjá um að keyra.

Eins og svo oft í kínverskum bílum getur stjórnbúnaður verið óþarflega flókinn. Til dæmis er dældið flókið að nota stýrikerfið

Þrjú tonn af sándi



Dýrasta útgáfan er með sjö skjái og eru tveir þeirra fyrir aftan framsætin.

sem er alls ekki blátt áfram og langur vegur að sumum aðgerðum. Annað gott dæmi er stillingar á hliðarspeglum sem eiga einfaldlega að vera aðgengilegar og auðlesanlegar. Því er ekki að heilsa í Hongqi því það þarf talsvert að hafa fyrir því að finna út úr því hvernig þær eru, og ekki hjálpar að handbókin er á kínversku. Þegar búið er að finna rétta takkann í stýrinu þarf annars vegar að nota flettitakka fyrir hægri/vinstri og hins vegar takka fyrir hljóðstyrk fyrir upp og niður. Annað sem kemur á óvart er að miðað við allt plássíð sem er í bílnum eru hólf í minni kantinum.

Það er ekki skrítið að margir hafa líkt Hongqi E-HS9 við Rolls-Royce útlitslega enda fékk merkið Giles Taylor sem vann áður hjá Rolls-Royce til að sjá um hönnunina. Það má einnig líkja bílnum við járnbrautarlest því að framendinn er hár og áberandi. Þyngd hans er líka eitthvað sem fær mann til að hugsa um slíkt þar sem hann er ekki langt sunnan við þrjú tonn að þyngd. Það þarf því enga smá orku til að koma þessum járnklumpi úr



Hægt er að sjá hleðslu rafhlöðunnar á ljósum við afturhurðina.



Hægt er að leggja niður öftustu sætin með rafmagn frá farangursrýminu.



Falleg viðar-áferð er á miðjustokki og fleiri stöðum og efnisvalið gott.

Þægindi eru greinilega eitthvað sem hönnuðir Hongqi kunna upp á sína tíu.

kyrrstöðu í 100 kílómetra hraða á aðeins 4,9 sekúndum, en þangað fer hann að því er virðist án fyrirhafnar. Það er svo annað mál þegar kemur að því að stöðva alla þessa þyngd, því að ekki er mikil mótorgremsa í báðum rafmótorunum og því þarf að beita bremsupedalnum meira en maður er vanur í rafbílum. Aðeins meiri endurhleðsla fæst ef bíllinn er settur í Eco-stillingu. Loftþúðafjöðrun sér um að láta bíllinn líða yfir verstu ójöfnur, einnig þessar manngerðu, og heldur honum líka stöðugum á veginum þrátt fyrir þyngdina. Það kemur líka á óvart hversu lipur hann er þrátt fyrir stærðina en það er reyndar títt um rafbíla. Líkt og aðrir rafbílar er hann hljóðlátur á vegi og það eina sem heyrir er smá hvinur frá rafmótorunum.

Grunnverðið á Hongqi E-HS9 er 11.990.000 krónur og þegar það er borið saman við keppinauta í lúxus í sama stærðarflokki er það bara nokkuð gott. Dæmi um keppinaut er Mercedes-Benz EQS SUV en grunnverð hans fer yfir 20 milljónir. Hvort kínverska merkið nái að stela kaupendum frá þýsku merkjunum er erfitt að segja og víst er merkið í beinni samkeppni við önnur merki BL eins og Range Rover og BMW. Eftirspurnin eftir lúxusgerðum rafbíla er hins vegar hámarki og því má vera að merkið muni ná til sín sölu þar sem slíkir bílar eru oftast uppantaðir áður en þeir koma í sýningarsali. ■



Þitt með fyrrivara um mynd- og textabreytingu. Bili á mynd er með aukabúnaði.

Fyrir öll tilefni.

Nýr Porsche 911 Dakar.

Dakar útgáfan af 911 er hreinræktaður sportbíll með aukinni veghæð sem lætur ekkert stöðva sig.



PORSCHE

Bilabúð
Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opíð virka daga frá 9:00 til 17:00 | Opíð laugardaga frá 12:00 til 16:00



Breytingar að framan einskorðast við grill og aðalljós en komin er stærri rafhlaða fyrir tengiltvinnútgáfunu. MYNDIR/LAND ROVER

Range Rover Velar í nýrri útgáfu

njall@frettabladid.is

Range Rover Velar kom fram á sjónarsviðið árið 2017 og því var orðið tímabært að koma með talsverða uppfærslu á bílnum. Hann fékk reyndar tengiltvinnútgáfu 2020 en P400e-tengiltvinnútgáfan hefur fengið stærri rafhlöðu, sem fer úr 13,6 kWst í 19,2 kWst. Það þýðir að Range Rover Velar kemst nú 65 km á hleðslunni einni saman. Einnig er hleðsluhraði aukinn í 50 kW sem þýðir að hann verður með fljótari tengiltvinnubílum að fullhlaða rafhlöðuna.

Velar P400e er áfram með 398 hestafla vélbúnaði en útlitslega fær bíllinn endurhönnuð díóðuljós, nýtt grill og endurformaðan afturstudara. Að innan fær bíllinn sömu innréttingu og í nýjum Range Rover-bílum þar sem aðaláherslan er á 11,4 tommu „fljótandi“ upplýsingaskjá í miðjustokki. ■



Komin er sama innrétting og í nýjustu útgáfum Range Rover.

Tengiltvinnútgáfan hefur fengið stærri rafhlöðu og kemst hann nú 65 kílómetra á rafhleðslunni einni saman.

Njósnamyndir af Volvo EX30

njall@frettabladid.is

Volvo er um þessar mundir að hefja prófanir á EX30-jepplingnum en merkið birti skuggamynd af bílnum fyrst í nóvember í fyrra. Þar sást aðeins að bíllinn hefur svipaðan afturenda og EX90 með svipuðum afturljósum. Nýjar njósnamyndir af bílnum við prófanir í Kína virðast renna stöðum undir það að útlitið verði eins og smækkuð útgáfa af EX90. Að vísu er bíllinn í miklum dulbúningi með svuntu yfir öllu nema gluggum. Samt sést gluggalínan vel og það sést votta fyrir innfelldum aðalljósum.

Bíllinn byggir á sama SEA-undirvagni og Smart #1 og því er tæknin



Talsverður dulbúningur huldi bíllinn sem náðist á mynd við prófanir í Kína á dögunum. MYND/COCHESPIAS

að miklu leyti sú sama. Því má búast við 268 hestafla afturhjóla-drifinni útgáfu eða 420 hestafla með fjórhjóladrifi. Með 68 kWst rafhlöðu ætti rúmlega 400 km drægið að duga flestum. Búast má við að bíllinn verði frumsýndur seinna á þessu ári. ■



Activesphere er öðruvísi nálgun á jeppa en við eigum að venjast en hann sameinar kosti kúpulaga jeppa og pallbils.

MYNDIR/AUDI

Audi ActiveSphere verður framleiddur árið 2027

Audi er með miklar áætlanir um að koma meira en 20 rafbílum á markað á næstu þremur árum. Meðal þess sem merkið kynnti sem hluta af þessum áætlunum er tilraunabíllinn ActiveSphere sem vel gæti endað sem framleiðslubíll árið 2027.

njall@frettabladid.is

Audi ActiveSphere er fjórði tilraunabíllinn með „sphere“-endingunni en hinir eru lúxusbíllinn Grandsphere, sportbíllinn Skysphere og borgarjepplingurinn Urbansphere. ActiveSphere er hins vegar kúpulaga jepplingur af stærri gerðinni. Audi hefur sagt að merkið sé með bíl á þróunum til að keppa við G-línu Mercedes og Land Rover Defender og ActiveSphere gæti vel átt þar við þar sem um bíl er að ræða með mikla veggæð. Audi kann líka vel að framleiða bíla með fjórhjóladrifi eins og Quattro-línan ber vitni um. Audi vill hins vegar ekki smíða bíl sem lítur út eins og gamaldags jeppi, eða eins og aðalhönnuður Audi sagði nýlega í viðtali við Auto Express: „Við viljum ekki búa til eftirlíkingu af Defender eða G-línunni.“

Útlit ActiveSphere er dálítið sérstakt, með kúpulaga þaki yfir fjögurra dyra bílnum. Afturendinn er dropalaga og getur afturendinn



Eins og sést vel á þessari mynd getur stýrið fallið inn í innréttinguna.

Afturendinn er dropalaga og getur virkað eins og pallur á pallbil þegar glerinu á farangursrýminu er rennt upp yfir þakið á bílnum.

virkað eins og pallur á pallbil, en glerið yfir farangursrýminu rennur yfir þakið, og rafdrifinn gluggi lokar þá farangursrýminu frá farangursrýminu. Talsvert er um undirakstursvarnar á bílnum og með því að ýta á einn takka er hægt að hækka bíllinn upp um 80 mm.

Bíllinn er tæpir fimm metrar að lengd og notar PPE-rafbílaundirvagninn sem gefur möguleika á framleiðslu. Einn rafmótor er á hverju hjóli sem samtals skila 436 hestöflum og 720 Nm tugi. Bíllinn er með 100 kWst rafhlöðu og er drægi hans 600 kílómetrar, en bíllinn er með 800 volta rafkerfi og ræður við allt að 270 kW hleðslu. ■

Léttari lund, alla daga

MAG-YOUR-MIND®
vinnur gegn streitu og skerpir hugsun

GOOD ROUTINE® fæst í Apótekararum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu og á goodroutine.is



GOOD ROUTINE

300 mg Magnesium bisglýsínat



5 mg B6 vítamín



200 mcg B9 (fólínsýra)



100 mg Burnirót



75 mg Schisandra



Hágæða hreinsiefni frá Koch-Chemie





Barrichello keyrir á Stewart-Ford bíl sínum á Hungaroring árið 1999.

MYND/EPA

Ford kemur aftur í Formúluna

njall@frettabladid.is

Ford hefur skrifað undir samstarfssamning við Red Bull og systurlið þess Alpha Tauri og snýr aftur í Formúluna frá 2026–2030 að minnsta kosti. Þetta er í fyrsta skipti sem Ford kemur í Formúlu 1 í 18 ár, en árið 2004 sá Ford Jordan-liðinu fyrir vélum ásamt því að reka sitt eigið lið undir nafni Jagúar. Ford hefur gert góða hluti í Formúlu 1 gegnum tíðina og hefur unnið þriðju flesta titla nokkurs vélarframleiðanda, eða tíu titla framleiðenda og þrettán titla ökuþóra. Einnig hefur Ford verið í vinningsseti alls 174 sinnum í keppnum Formúlu 1. Síðasti titill Ford var með Benetton-liðinu þegar Michael Schumacher hreppti heimsmeistaratitilinn árið 1994.

Þegar er hafin þróun á vélunum sem notaðar verða árið 2026 en þær þurfa að nýta meira rafmagn og ganga fyrir tilbúna eldsneyti. Þróunarvinnan fer fram hjá Red Bull Technologies en Ford mun hafa mikil áhrif á þróunina með því að koma svona snemma inn. Ford tekur við af Honda sem hefur séð Red Bull fyrir vélum og stígur í raun og veru inn í stöðu sem Porsche átti að taka. Talið er að fleiri þættir hafi einnig haft áhrif á ákvörðun Ford. Í fyrsta lagi eru vinsældir Formúlu 1 í Bandaríkjunum á hápunkti en þrjár keppnir fara þar fram ár hvert auk þess sem Netflix-sjónvarpsþátturinn Drive to Survive er mjög vinsæll. Auk þess stendur til að General Motors, erkióvinur Ford í Bandaríkjunum, komi inn í Formúluna gegnum Cadillac. Til stendur að stofna nýtt lið með því nafni sem Michael Andretti mun stjórna en hann er sonur fyrrverandi meistara Indycar og Formúlu 1, Mario Andretti.

» Ford tekur við af Honda sem hefur séð Red Bull fyrir vélum og stígur inn í stöðu sem Porsche átti að taka.

Eignarhald í Formúlu 1 getur verið flókið og aðkoma Ford að tilurð Red Bull-liðsins er athyglisverð. Fyrir næstum þremur áratugum fékk Sir Jackie Stewart Ford til að fjármagna nýtt Formúlulið. Liðið hans hét einfaldlega Stewart Grand Prix og keppti í þrjú tímabil og vann aðeins eina keppni, á Nurburgring árið 1999. Þá seldi Sir Jackie liðið til Ford sem breytti liðinu til að nota Jagúar-merkið næstu fimm árin. Jagúar gekk ekki vel í Formúlu 1 og gerði lítið til að auglýsa merkið eins og ætlunin var. Þá seldi Ford liðið til orkudrykkjaframleiðandans Dietrich Mateschitz og fimm árum seinna vann Red Bull Racing sinn fyrsta heimsmeistaratitil, þann fyrsta af fjórum með Sebastian Vettel. Núna er Ford að koma aftur inn í Formúluna með liðinu sem það tók þátt í að búa til seint á síðustu öld. ■

VW Touareg fær smávægilega andlitslyftingu

njall@frettabladid.is

Þar sem þriðja kynslóð Volkswagen Touareg kom á markað árið 2018 er kominn tími á andlitslyftingu bílsins, en samkvæmt nýjustu njósnamyndum Auto Express er líklega stutt í að hann verði kynntur.

Aðeins er um lítils háttar útlitsbreytingar að ræða en aðaláherslan er á tækniþáttinn

svo að hann geti betur keppt við nýjan Mercedes-Benz GLE til að mynda. Billinn mun koma á MLB Evo-undirvagninum eins og áður svo að vélbúnaður mun ekki breytast og því er líklegast að við sjáum hann helst hérlandis í tengiltvinnútgáfunni sem er 456 hestöfl samtals. Hvort breytingar á mælaborði eins og í nýjum ID.7 komi fram í þessum bíl á þó eftir að koma í ljós. ■



Breytingar að framan eru helst á grilli, VW merki og aðal-ljósum en einnig hafa loftinn-tök stækkað nokkuð.

MYND/AUTO EXPRESS



www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutækja þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Mitt allra mest uppáhalds C-vítamín

Berglind Gerða Sigurðardóttir er sölustjóri hjá KAVITA og hefur starfað í heilsugeiranum í fjöldamörgum árum. Berglind býr í Grafarvogi og á þrjú börn. Hún hefur mikinn áhuga á almennri heilsu, mataræði, hreyfingu og fæðubótarefnum.

Berglind hefur stúderað fæðubótarefni, steinefni og allt sem tengist slíkum efnum í mörgum árum. Hún segir mikið leitað til sín til að fá ráð varðandi slíkt.

„Þegar vinkonur mínar standa í heilsurekkanum í búðinni og vita ekki hvað þær eiga að velja hringja þær í mig til að fá ráðgjöf,“ segir Berglind.

„Það skiptir líka máli hvenær dags á að taka inn fæðubótarefni og það er umræða sem ég hef mikinn áhuga á og er alltaf til í að ræða.“

„Ég hef tekið vítamín í mörgum árum og er líklega búin að prófa meira en flestir. Ég hef tekið mikið af bætiefnum en einhverra hluta vegna er C-vítamínið alltaf mitt uppáhaldsefni. Mér finnst margir gleyma C-vítamíninu, en það er ótrúlega mikilvægt að muna eftir þessu lykilvítamíni bæði út af andoxunarefnum sem eru frábær fyrir húðina og fyrir góðan svefn. Ég legg til dæmis mikla áherslu á að benda vinkonum mínum á að taka C-vítamínið á kvöldin, þannig virkar það langbest. Mér finnst eins og sumir á mínum aldri haldi að C-vítamín sé bara eitthvað sem var trend í gamla daga og fólk jafnvel ekkert að spá í það, en þetta má ekki gleymast.“

Hefur ofurtrú á C-vítamíni
Berglind segir að C-vítamín sé



Berglind Gerða Sigurðardóttir er sölustjóri hjá KAVITA og hefur starfað í heilsugeiranum í fjöldamörgum árum. MYNDIR/ÆSENDAR

mikilvægt næringarefni sem gegnir hlutverki í viðhaldi vefja og framleiðslu á tilteknum tauga-boddefnum.

Berglind notar C-vítamín frá GOOD ROUTINE á hverjum degi og hefur alla tíð haft ofurtrú á C-vítamíni.

„Munurinn á þessu C-vítamíni og öðru C-vítamíni er bromelain. Það er efni sem finnst í ananas og hjálpar til við bólgur og styrkir ónæmiskerfið. Það hefur líka reynst vel fyrir tennur og tannhold.“

Berglind hefur alla tíð stundað

mikla hreyfingu og hugað vel að mataræði og almennri heilsu. Berglind er sannfærð um að sá lífsstíll stuðli að mun sterkari andlegri heilsu og komi í veg fyrir lífsstílsjúkdóma.

Berglind var því miður ein af þeim sem lenti illa í Covid, varð mjög lasin og lengi að eiga við leiðindaeftirköst.

„Í bataferlinu áttaði ég mig á því hvað það var mikilvægt að fá heilsuna til baka. Þá kom skýrt í ljós hvað það skiptir

miklu máli að velja réttan mat og fæðubótarefni til að ná heilsu á ný,“ segir hún.

„Það sem mér finnst áhuga-verðast við C-vítamínið er að ég er alveg laus við alla fótáæirð og almenna óeirð í líkamanum þegar ég er dugleg að taka C-vítamín. Þar af leiðandi verður svefninn miklu betri. C-vítamínið eykur líka upptöku járnns í líkamanum. Þegar við erum undir miklu álagi andlega eða líkamlega er mikilvægt að líkaminn fái C-vítamín. Ég er ekki hrædd við að taka of mikið af C-vítamíni því það er þannig vítamín að líkaminn losar sig við það ef maður tekur of mikið.“

Framleiðum ekki C-vítamín

Þetta C-vítamín sem ég er að taka er einstök vara sem veitir öflugan vörn fyrir bæði ónæmiskerfið, öndunarfærin og taugakerfið.



C-vítamínið í C-YOUR-IMMUNITY® er í sínu náttúrulega formi.

Munurinn á þessu C-vítamíni og öðru C-vítamíni er bromelain. Það er efni sem finnst í ananas og hjálpar til við bólgur og styrkir ónæmiskerfið.

„Þetta er því tilvalin fæðubót fyrir þá sem vilja verjast árstíðabundnum kvefpestum, bæta C-vítamíni í daglegt mataræði og taka inn góð andoxunarefni,“ útskýrir Berglind.

„Líkaminn getur ekki framleitt C-vítamín sjálfur svo hann þarf að fá það úr fæðu eða með fæðubót. C-vítamínið í C-YOUR-IMMUNITY® er í sínu náttúrulega formi sem gerir það að verkum að upptakan verður mun betri í líkamanum.“

Berglind upplýsir að quercetin og hesperidin séu náttúruleg efni sem virka einstaklega vel saman við að draga úr kvef- eða ofnæmis-einkennum, styðja við bólguvar líkamans og draga úr virkni skaðlegra efnasambanda í líkamanum. Eins og Berglind minnst á áður, inniheldur varan einnig bromelain. Þá tegund ensíms sem kemur úr ananas og hefur eiginleika til þess að styðja við ónæmiskerfið og öndunarfærin. ■

Vörurnar frá Good Routine fást í Krónunni, Hagkaup, Fjarðar-kaupum, Lyfjum og heilsu. Apótekanum og á goodroutine.is

Er alltaf að keppa við sjálfan sig

Kolbeinn Höður Gunnarsson setti Íslandsmet í 200 metra hlaupi og vann gull í 60 metra hlaupi á Reykjavíkurlíkunum um síðustu helgi. Hann setur stefnuna á Ólympíuleikana í París 2024.

starri@frettabladid.is

Kolbeinn Höður Gunnarsson stóð sig afar vel í frjálsíþróttakeppni Reykjavíkurlíkanna sem fram fór í Laugardalshöll um síðustu helgi. Hann setti Íslandsmet í 200 metra hlaupi, þar sem hann bætti eigið met, auk þess sem hann vann gull í 60 metra hlaupi karla en hann bætti Íslandsmetið í þeirri grein fyrr á árinu.

„Það má segja að árangurinn í 60 metra hlaupinu hafi verið í samræmi við væntingar þótt ég hefði viljað sjá betri tíma. En núna er bara spurning um að hitta á gott hlaup og þá er aldrei að vita hvað gerist,“ segir Kolbeinn. „200 metra hlaupið var aðeins meira „wild-card“ þar sem ég var búinn að hlaupa nokkur hlaup sem voru ekki alveg að smella saman tæknilega séð.“

Ég vissi að ef ég næði að framkvæma 200 metrana vel og í góðri keppni gæti ég hlaupið hratt. En ég átti ekki von á því að brjóta næstum því 21 sekúndu múrinn, hvað þá innanhúss.“

Stefnir á næstu Ólympíuleika

Stóra markmið Kolbeins er að komast á Ólympíuleikana í París árið 2024. „Það er þó ekki möguleiki nema ég komist á þessa Ólympíu- og afreksstyrki. Ég er búinn að vera harka í þessu meira



Ég reyni alltaf að nálgast öll mót með smá kæruleysi. Ég stend mig alltaf best þegar ég nær að koma inn í keppnina yfirvegaður en ákveðinn.

Kolbeinn Höður Gunnarsson

og minna einn, fjármagna æfingakerfið sem og keppnisferðir úr eigin vasa á sama tíma og ég hef minnkað við mig vinnu til að geta einbeitt mér að hlaupunum. Þó hef ég fengið fjárhagslegan stuðning frá félaginu mínu, FH, sem og aðstoð frá fjölskyldu og vinum eins og þeir mögulega geta. Einnig vil ég þakka styrktaraðilum mínum, Nocco, Hreysti, Hledslu/MS og Unbroken.“

Settist á skólabekk

Kolbeinn starfadi hjá PwC árin 2021-2022 en þurfti að hætta þar sem álagið var hreinlega of mikið samhliða íþróttinni. „Í dag stunda ég nám við Háskólann í Reykjavík á íþróttfræðibraut og ásamt því þjálfá ég 7.–8. bekk í

frjálsum hjá FH fjórum sinnum í viku. Þegar ég er ekki að æfa, læra og þjálfá reyni ég að verja eins miklum tíma og ég get með Heru, níu mánaða dóttur minni. Ég stefni fyrst og fremst á það að vera góður faðir fyrir dóttur mína eftir að hlaupaferlinum lýkur.“

Spurt og svarað

Hvernig kemur þú þér helst í gírinn fyrir mót?

Ég reyni alltaf að nálgast öll mót með smá kæruleysi. Ég stend mig alltaf best þegar ég nær að koma inn í keppnina yfirvegaður en ákveðinn. Daginn fyrir mót á ég það til að sækja innblástur í „nördinn“ í mér, en þá horfi ég á Ride of the Rohirrim-senuna úr þriðju Lord of the Rings myndinni. Ég

Kolbeinn Höður sækir gjarnan innblástur fyrir mót til Ride of the Rohirrim-senunnar úr þriðju Lord of the Rings myndinni.

MYND/HLÍN GUDMUNDSDÓTTIR

mæli með henni ef þið viljið alvöru gæsa húð.

Hver er erfiðasti mótherjinn?

Það er ég sjálfur. Ég er í daglegri baráttu við sjálfan mig að rífa mig fram úr á morgnana til að taka morgunæfinguna og peppa sjálfan mig upp á æfingum til að framkvæma eitthvað 3–5% betur. Þetta er það sem er svo fallegt við frjálsum íþróttir: Þú ert vissulega að „keppa“ við aðra þegar þú stígur á línuna, en í rauninni ertu alltaf í grunninn að keppa við þig sjálfan.

Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?

Hrískökur með hnetusmjöri og grænum eplum, banana, Barebell prótinstykki eða Hledslu. Þetta þarf að vera eitthvað sem er fljótlegt að gera og auðvelt að grípa með því ég er oftast eitthvað á ferðinni.

Hvað gerir þú til að halda andlegu heilsunni í jafnvægi?

Andlega heilsan er eitthvað sem ég hef verið að berjast við upp á síðkastið. Hún hefur því miður fengið að sitja á hakanum sökum tímaleysis og peninga. Það sem hefur haldið mér gangandi síðustu misseri er hreinlega að halda mér sem mest uppteknum.

Hverjar eru helstu fyrirmyndir þínar í íþróttum og í lífinu?

Í lífinu eru foreldrarinn auðvitað helstu fyrirmyndirnar mínar. Ég hef síðan byrjað að tileinka mér það að hugsa um fyrirmyndir á þennan veg. „Work until your idols become your rivals.“ En til að gefa þetta klassíska svar, ætli helsta átrúnaðargoðið í frjálsum sé ekki Usain Bolt. ■

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

SKIPULAGSAUGLÝSING

Í samræmi við 31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar tillögur að breytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 og að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Hraunsnef (L134771) - Breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12.10.2022 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar í landi Hraunsnefs í Borgarbyggð.

Niðurskógar - Húsafell 3 (L134495) - Breyting á aðalskipulagi

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12.01.2023 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 í landi Húsafells 3 í Borgarbyggð.

Niðurskógar - Húsafell 3 (L134495) - Breyting á deiliskipulagi

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar samkvæmt samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 06.01.2023 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi að því gefnu að sveitarstjórn samþykkti auglýsingu á breytingu á aðalskipulagi sem gerð er samhliða.

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is frá 8. febrúar til og með 23. mars 2023. Ef óskað er eftir nánari kynningu á ofangreindum áætlunum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við auglýstar skipulagstillögur og er frestur til að skila inn athugasemdum til 23. mars 2023. Athugasemdum skal skila skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Digranesgötu 2, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@borgarbyggd.is.

Borgarbyggð, 8. febrúar 2023.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar **BORGARBYGGÐ**



Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Eldisgarður, eldisstöð á Reykjanesi, Reykjanesbæ.

Samherji Fiskeldi hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats Eldisgarðs, eldisstöðvar á Reykjanesi, Reykjanesbæ.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Reykjanesbæjar og hjá Skipulagsstofnun frá 8. febrúar til 23. mars 2022. Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 23. mars 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is



HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

Umhverfisvæn endurvinnsla á tækjum í endurvinnslu

Nú hafa VerSlunartækni og Geiri ehf. ásamt Hringrás hafið samstarf á endurvinnslu á ónýtum tækjum úr atvinnueldhúsum og kælitækjum, þú kemur einfaldlega með tækið til okkar að Draghálsi 26 og við komum þeim til Hringrás til endurvinnslu



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Sýningarsalur
Draghálsi 4 - S: 535 1300
verslun@verslun.is



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:

Austurvegur 69 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. febrúar 2023, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Austurveg 69 Selfossi.

Deiliskipulag fyrir lóðina Austurvegur 69, var upphaflega unnið í mars 2004 m.s.br. Síðasta breyting var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar 13. maí 2015 og í sveitarstjórn Flóahrepps 4. mars 2015 og var samþykkt þessi birt í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1001 þann 4. nóvember 2015. Austasti hluti reitsins er innan marka Flóahrepps og samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna er sá hluti skráður undir Árborg en lýtur skipulagslegri forsoðun beggja.

Deiliskipulag þetta er bæði í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 (reit VP6), og Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029. Aðkoma að lóðinni frá vestri helst óbreytt en frá austri mun hún breytast. Í stað þess að aka í boga frá hringtogi inn á lóðina verður ekið í beinni stefnu til norðurs og síðan beygt til vesturs inná lóðina. Samráð hefur verið viðhaft við forsvarsmenn beggja sveitarfélaga um aðkomu frá austri og nýja götu innan Flóahrepps.

Breytt aðkoma að austan mun geta tengst íbúðabyggð Árbakkalands norðan Austurvegar 69. Jafnframt tengist hún framtíðar atvinnusvæði (VP1) innan Flóahrepps en reikna má með vaxandi uppbyggingu þar eftir að ný Ólfusárbrú mun rísa. Einnig má reikna með að austurleiðin geti tengst atvinnusvæði Mjólakúrbús Flóamanna. Markmið deiliskipulagsbreytingar er að nýta lóðina til frekari atvinnuuppbyggingar um leið og skapaðar eru nýjar tengingar við nærliggjandi svæði innan Árborgar og Flóahrepps.

Helstu breytingar frá fyrra deiliskipulagi eru eftirfarandi:

- Hringtorg á Austurvegi helst óbreytt en aðkoma mun liggja til norðurs og tengjast lóðunum með nýjum hætti. Vegur þessi mun geta tengst framtíðar uppbyggingu við Árbakkaland og eins svæðum innan Flóahrepps. Lóðarmörk mót norðri færast um 3m til norðurs og stækka viðkomandi lóðir (69f og 69g) við þá færslu.
- Lóð nr. 69 er brotin upp og minnkar til samræmis (sjá uppd.). Byggingareitur fær breytta lögun og bílast. breytast.
- Lóð 69a er brotin upp og minnkar í samræmi við það (sjá uppdrátt). Byggingareitur helst óbreyttur. 4. Lóð 69b er stækkuð til suðurs og byggingareitur að sama skapi.
- Lóð 69c er felld undir lóð 69b og stækkar lóð 69b við það.
- Gerð er sérstök lóð um akveg sunnan við Austurveg 69 sem fær lóðanúmerið 69c.
- Stofnuð er ný lóð, 69e á austurhluta reits.
- Stofnuð er ný lóð, 69f á norðurhluta reits.
- Stofnuð er ný lóð, 69g á norðausturhluta reits.
- Norðausturhorn lóðarinnar (L229186) er stækkun skv. samþykkt Árborgar og Flóahrepps frá 2019, stærð, 1.971m². Þetta þríhyrningslaga horn hefur áður verið sameinað lóð Austurvegar 69. Við endanlegt samþykki þessa deiliskipulags þarf að breyti heiti þessa horns en það er í landeignaskrá nefnt Austurvegur 69E sem verður þá rangt því önnur lóð hefur fengið það heiti skv. deiliskipulaginu. Lóð á vesturhluta lóðar, spennistöð nr. 69d, helst óbreytt.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 8. febrúar til og með 22. mars 2023.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 22. mars 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

Ferðin sem var aldrei farin



Jóhannes V.
Reynisson
forsvarsmáður
Bláa naglans

Sætaferðir frá HGSÍ planinu (Heilsugæslustöð Íslands) sem var áður BSÍ (Bifreiðastöð Íslands) í hjarta Reykjavíkur.

Þúsundir Íslendinga biða eftir sínum lýðheilsuvagni á planinu, þrír vagnar frá þremur mismunandi félögum eru mættir tilbúnir í hringferð um Ísland. Nokkrir sjúkrabílar eru á stöðugum þeytingi frá planinu upp á Landspítala. Allir vagnarnir eru stórir og glæsilegir í mismunandi litum.

Aftasti vagninn er grár, á honum stendur Heilsugæsla eingöngu fyrir bólusetningar.

(Á Íslandi er engin heilsu-GÆSLA heldur iverustaðir fyrir lækna þar sem enginn er boðaður í skipulegt eftirlit).

Vagninn í miðjunni er hvítur með stóru rauðu hjarta.

Framan á vagninum stendur: Ekki á leið. Enginn árgangur hefur verið boðaður í skipulagða hjarta-VERND á Íslandi.

Fremsti vagninn er fölblaigur á honum stendur krabbamein. Undir stýri situr fullorðinn maður sem stýrir vagninum. Ég stend fyrir framan fremsta vagninn og tek eftir að bílstjórinn lítur í baksýnisspegilinn. Allt í einu uppgötvar hann að í nærri 70 manna rútu eru bara 3 sæti, eitt barnasæti og tvö fullorðinssæti.

Það er löng biðröð við fölblaiga vagninn. Bílstjórinn tilkynnir hópnum við rútna að eingöngu er eitt barnasæti fyrir HPV og tvö fullorðinssæti, eitt fyrir brjóstakrabba- meín og eitt fyrir leghálskrabba-



meín, það er allt og sumt. Maður í biðröðinni kallar: „hvað með okkur hin?“ um leið og bílstjórinn í sætinu lokar dyrnum.

Hrundans forvarnarheilbrigðis-kerfisins er fyrir löngu hafinn. Aðdragandinn er mjög langur eða yfir 50 ár, það er íslenska ríkið sem fær hér fallettinn og sum áhugamannafélög.

Afleiðingar af dugleysi ráða-

manna eru nú þegar gífurlegar; að lítið vitrænt hefur áorkast.

Eins og allir vita hvað það þýðir, þegar sagt er að gera sjóklárt á sjómannamáli.

Það er ekki til í okkar forvarnar-heilbrigðiskerfi.

Blái naglinn hefur unnið að hugmyndinni, að koma upp virku forvarnarhúsi, sem væri málað í þremur táknrænum litum. Rauður fyrir

blóðrannsóknir, gulur fyrir þvagrannsóknir, grænn fyrir skimun.

Verkefnið kallast B.U.S. og stendur fyrir blood, urine, screening og er hugsað sem Medtube eða lýðheilsugöng.

Í þessu forvarnarkerfi sem byggt er á forvarnarstöðvum, mörgum meinum, snemmgreiningu og vinnsluhraða.

Í upphafi er kostnaðurinn lítill miðað hvað ávinningurinn yrði mikill.

Aðeins um heilbrigðiskerfið okkar. Barnaefirtlit frá fæðingu til fjögurra ára aldurs.

Svo kemur HPV (Human Papilloma Virus) fyrir stúlkur um tólf ára aldurinn, leghálskrabbameinsleit um 23 ára aldurinn og brjóstaskimun við 45 (50) ára aldurinn.

Eins og í öllum vestrænum ríkjum eru þessi heilbrigðiskerfi að sliga þessi samfélög.

Öll kerfin byggja á sjúkrahúsum en ekki forvarnarhúsum og afleiðingarnar eru að koma í ljós.

Tökum frumkvæðið og tökum stóra stökkið; hugsum dæmið upp á nýtt.

Hér kemur hugmynd um tíma- setningu í B.U.S. Medtube lýðheilsu- forvarnarkerfi:

- A. Ungbarnaefirtlit 0-4 ára
- B. Barnaefirtlit 4-12 ára
- C. Ungmennaefirtlit 13-20 ára
- D. Fullorðinsefirtlit 20-67 ára
- E. Eldriborgaraefirtlit 67 plús

Frá fæðingu til dauða.
Nýir tímar, ný hugsun, ný tækifæri. ■



Hindrum undanskot



Bjarkey Olsen
Gunnarsdóttir
þingmaður VG og
formaður fjárlaga-
nefndar

Nú fyrir skemmstu kom fram stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar um innheimtu dómsekta. Skýrslan sýnir svart á hvítu að innheimta sekta, meðal annars vegna skattalagabrota á Íslandi er langt frá því að standast væntingar og er hlutfall innheimtra dómsekta mun lægra hér á landi en tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er engin nýlunda en stofnunin hefur bent á þetta frá árinu 2009.

Þetta ber að líta alvarlegum augum. Skattar eru undirstaða allra útgjalda hins opinbera, án þeirra getum við ekki viðhaldið þeim innviðum sem við svo mjög treystum á í daglegu lífi. Innheimta dómsekta er mikilvægur liður í öflugu skattkerfi en sömuleiðis þurfum við að huga að því að skattkerfið í heild sinni sé þannig úr garði gert að það standi undir hlutverki sínu sem tekjuöflunartæki ríkissjóðs. Þar er víða pottur brotinn og lagði ég m.a. fram frumvarp fyrir í vetur

sem ætlað er að stemma stigu við ákveðnum annmörkum á reiknuðu endurgjaldi, en þar beini ég sjónum mínum sérstaklega að einstaklingum sem hafa umsjón og umsýslu með fjárfestingum í eigin félögum, félögum sem talist geta óvirk í skattalegu tilliti, að því leyti að þau greiða hvorki tekjuskatt né tryggingagjald en það er mikilvægt að öll starfsemi standi skil af sköttum og skyldum. Þetta er jafnframt liður í umræðunni um ofnotkun á einkahlutafélögum, en um 18.000 slík félög eru skráð í skattagrunnskrá á sama tíma og rannsóknir sýna að 71% rekstraraðila skilar engum tekjuskatti, um 55% rekstraraðila greiða engin laun og um 42% greiða hvorki tekjuskatt né tryggingagjald.

Í mínum huga er ljóst að endurskoða þarf skattaumhverfi hér á landi í mjög stóru samhengi, allt frá skattaundanskotum, lagagloppum eða fullnustu refsinga en úttekt Ríkisendurskoðunar leiðir í ljós að afplánun refsinga er ítrekað tekin út með vararefsingum svo sem samfélagsþjónustu. Það rýrir fælingarmátt refsingarinnar svo um munar að „vinna“ af sér hundrða milljóna skattabrot með samfélagsþjónustu, ég hef því lagt fram fyrirspurn til dómismálaráðherra þar sem ég óska frekari útlitana á þessu fyrirkomu- lagi. ■



Kjörnefnd auglýsir eftir framboðum til stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins. Stjórnarkjör fer fram með rafrænum hætti.

- Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal stjórn skipuð þremur konum og þremur körlum og þriggja manna varastjórn skal skipuð minnst einum karli og einni konu.
- Að þessu sinni er eitt sæti karls og eitt sæti konu til kjörs í aðalstjórn. Bæði karlar og konur geta því boðið sig fram til aðalstjórnar og varastjórnar að gættum sjónarmiðum um kynjahlutföll.
- Allir sjóðfélagar geta boðið sig fram til stjórnar en nánari hæfisskilyrði er að finna í 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Framboðsfrestur er til kl. 23:59 þann **22. febrúar 2023**. Framboð verða að berast kjörnefnd fyrir lok framboðsfrests til þess að teljast lögleg. Hægt er að senda framboð á netfangið kjornefnd@almenni.is

Kjörnefnd Almenna lífeyrissjóðsins, 8. febrúar 2023

Ólafur H. Jónsson, Ingvar Júlíus Baldursson og Lára V. Júlíusdóttir

Nánar um framboð:

- Með framboðum skulu fylgja helstu upplýsingar um frambjóðanda, s.s. nafn, kennitala, netfang, sími og heimilisfang
- Taka skal fram hvort framboð er aðeins til aðalmanns, aðeins til varamanns eða aðalmanns og varamanns til vara
- Frambjóðendum verður boðið að kynna sig á vef sjóðsins

Nánar á:
www.almenni.is

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Munu þenja hestöflin um heim allan

Spennan fyrir komandi tímabil í Formúlu 1 verður áþreifanlegri með hverri vikunni sem dregur nær fyrstu keppnishelgi ársins 2023. Eftir mikla yfirburði Red Bull Racing og Max Verstappen á síðasta ári vonast margir til þess að baráttan verði meiri í ár, sannkallað þriggja hesta kapphlaup Red Bull, Mercedes og Ferrari. Þetta verður veisla, spennid beltin.

FORMÚLU 1 TÍMABILIÐ 2023

5. mars – 26. nóvember

Það stýttist í að Formúlu 1 bílarnir etji kappi á nýjan leik en í upphafi mars hefst 2023-tímabilið í Bærein. Hollendingurinn fljúgandi, Max Verstappen, hefur titil að verja og stefnir á að verða heimsmeistari, þriðja tímabilið í röð.

TITILBARÁTTAN Stigafjöldi 2022

George Russell, Mercedes 275 stig

Sergio Pérez, Red Bull 305 stig

Charles Leclerc, Ferrari 308 stig

Max Verstappen, Red Bull 454 stig

Keppnisdagatalið


Evrópukeppnir Heimskeppnir

Las Vegas-kappaksturinn snýr aftur á Formúlu 1 dagatalið en síðast var keppt í borginni árið 1982. Katar snýr aftur eftir eins árs fjarveru


1 5. mars: Bærein, Sakhir



2 19. mars: Sáði-Arabía, Jeddah



6 21. maí: Ítalía, Imola




HEIMSMEISTARARNIR: Lewis Hamilton (til hægri), lenti í 6. sæti stigakeppninnar árið 2022. Hann á enn möguleika á sínum áttunda heimsmeistaratitli sem yrði met í mótariðinni. Aðeins fimm öðrum hafa orðið heimsmeistarar fjórum sinnum eða oftar.

Michael Schumacher	ÞÝS	1994-95, 2000-04	7
Lewis Hamilton	BRE	2008, 2014-15, 2017-20	7
Juan Manuel Fangio	ARG	1951, 1954-57	5
Alain Prost	FRA	1985, 1986, 1989, 1993	4
Sebastian Vettel	ÞÝS	2010, 2011-13	4

Verstappen gæti komist í hóp útvalinna – Fangio, Schumacher, Vettel, Hamilton – með þremur eða fleiri heimsmeistaratitlum



19 22. október: Bandaríkin, Austin



20 29. október: Mexíkó, Mexíkóborg




3 2. apríl: Ástralía, Melbourne



7 28. maí: Mónakó, Monte Carlo




10 2. júlí: Austurríki, Spielberg



13 30. júlí: Belgía, Spa



16 17. september: Singapúr, Marina Bay




21 5. nóvember: Brasílía, Sao Paulo



4 30. apríl: Aserbaísjan, Baki



8 4. júní: Spánn, Barcelona



11 9. júlí: Bretland, Silverstone



14 27. ágúst: Holland, Zandvoort




17 24. september: Japan, Suzuka



22 18. nóvember: Las Vegas, Las Vegas



5 7. maí: Miami, Miami



9 18. júní: Kanada, Montreal



12 23. júlí: Ungverjaland, Búdapest



15 3. september: Ítalía, Monza



18 8. október: Katar, Lusail



23 26. nóvember: Abú Dabí, Yas Marina



Býst við að Kórdrengir mæti til leiks

Gríðarleg óvissa ríkir um það hvort Kórdrengir mæti til leiks í Lengjubikarnum á föstudag. Liðið á þá leik gegn Breiðabliki en liðið hefur ekki komið saman frá síðustu leiktið. Óvist er hvernig framtíð félagsins lítur út.

hordur@frettabladid.is.

FÓTBOLTI Saga Kórdrengja hefur vakið mikla athygli undanfarin ár, liðið hefur farið hratt upp um deildir og átt góð ár í Lengjudeild karla. Davíð Smári Lamude lét af störfum sem þjálfari liðsins síðasta haust og síðan þá hefur liðið ekki komið saman til æfinga og er enn án þjálfara.

Framtíð félagsins hefur verið í lausu lofti en Kórdrengir hafa átt í viðræðum við FH um að þeir taki liðið yfir. Ekki hefur hins vegar verið gengið frá neinu og Davíð Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá FH, hefur ekki svarað í síma undanfarna daga.

Kórdrengir eiga að mæta Breiðabliki í Lengjubikarnum á föstudag en eins og staðan er í dag ríkir gríðarleg óvissa um hvort leikurinn fari fram. Aðeins fjórir leikmenn eru samningsbundnir Kórdrengjum og þarf að hafa hraðar hendur ef á að manna ellefu manna lið eftir tvo daga. Í höfuðstöðvum KSÍ er búist við því að Kórdrengir mæti til leiks. „Ég veit ekki neitt annað en að þeir mæti til leiks,“ segir Birkir Sveinsson, yfirmaður mótamála hjá Knattspyrnusambandi Íslands.

Birkir segist eins og aðrir vita af stöðu félagsins en hefur átt í samspiltum við forráðamenn Kór-



drengja undanfarið. „Ég hef heyrt í þeim og þeir hafa tilkynnt þátttöku. Þeir vita af sínum leikjum, ég veit ekki annað en að þeir mæti til leiks gegn Blikum.“


Birkir segist ekki fylgjast með því hvort liðið sé í raun með þjálfara eða leikmenn, það sé ekki á hans borði. „Það er eitt-hvað sem ég er ekki að fylgjast með, ég hef heyrt í þeim og veit ekki annað en að þeir mæti til leiks á föstudag,“ segir Birkir. ■

Saga Kórdrengja

Félagið var stofnað árið 2017 og tók þá þátt í 4. deild karla, liðið var hársbreidd frá því að komast upp um deild í fyrstu tilraun en ári síðar tókst það. Árið 2019 tóku Kórdrengir þátt í 3. deildinni og fóru upp, ári síðar flaug svo liðið upp úr 2. deildinni og hefur í tvö ár tekið þátt í Lengjudeildinni. Árið 2021 var liðið lengi vel að berjast um að komast upp í efstu deild og í fyrrasumar endaði liðið í fimmta sæti deildarinnar.

FH þarf að hafa hraðar hendur ef félagið ætlar að taka yfir Kórdrengi og mæta til leiks gegn Blikum á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI



Erik ten Hag er knattspyrnustjóri Manchester United.

Von United lifir með sigri í kvöld

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI Manchester United og Leeds mætast í afar mikilvægum leik fyrir bæði lið í ensku úrvalsdeildinni í kvöld. Leikurinn fer fram á Old Trafford.

Eftir slæma byrjun á tímabilinu berst United nú nálægt toppnum. Með sigri í kvöld jafnar liðið granna sína í Manchester City að stigum og kemur sér fimm stigum á eftir Arsenal. Þess ber þó að geta að City mun eiga leik til góða eftir leik kvöldsins og Skytturarnar tvo leiki.

Það er því ljóst að með sigri geta stuðningsmenn United leyft sér að dreyma um toppbaráttu fram á vor.

Leeds er sýnd veiði en ekki gefin. Liðið er án knattspyrnustjóra eins og er eftir að Jesse Marsch var rekinn í vikunni. Þá er Leeds í hörku fallbaráttu og mæta leikmenn án efa dýrvitlausir til leiks á Old Trafford.

United verður án þeirra Casemiro, sem er í banni, og Christian Eriksen, sem er meiddur, í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 20. ■



KVIKMYNDAGETRAUN

í samstarfi við MYNDFORM
6 miðar í bíó, popp&gos
Farið inn að KVIKMYNDIR.IS
svarið nokkrum laufléttum
spurningum í boði þáttarstjórnanda
BÍÓBÆRINN

BÍÓ
bærinn



KVIKMYNDIR.IS


MYNDFORM

MERKISATBURÐIR

- 1924** Nevada verður fyrsta ríki Bandaríkjanna til að taka mann af lífi með gasi.
- 1925** Tveir togarar farast á Halamiðum, Leifur heppni og Robertson, og með þeim 68 menn. Einnig ferst vélbátur með sex mönnum og fimm manns verða úti.
- 1935** Ensukur togari strandar við Svalvogahamra á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og 14 manna áhöfn hans ferst.
- 1971** NASDAQ-hlutabréfamarkaðurinn hefur starfsemi.
- 1974** Concorde-þota lendir í Keflavík.
- 1980** Kvikmyndin Veiðiferðin er frumsýnd í Reykjavík og á Akureyri. Leikstjóri er Andrés Indriðason.



ÞETTA GERÐIST 8. FEBRÚAR 1998



Halldór Laxness lést

Þennan dag árið 1998 lést hinn ástsæli rithöfundur, skáld og Nóbelsverðlaunahafi Halldór Kiljan Laxness. Halldór fæddist 23. apríl árið 1902 og er talinn einn helsti íslenski rithöfundur tuttugustu aldar. Hann var sonur Sigríðar Halldórsdóttur (f. 1872) og Guðjóns Helgasonar (f. 1870).
Fyrstu æviárin bjó hann í Reykjavík en flutti að Laxnesi í Mosfellssveit árið 1905. Aðeins 14 ára gamall fékk hann sína fyrstu grein birta í Morgunblaðinu undir nafninu H.G.
Á ferli sínum skrifaði Halldór yfir fimmtíu bækur, blaðagreinar, samdi ljóð, leikrit og fleira. Hann hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1955. Frá árinu 1945 átti Halldór fast heimili á Gljúfrasteini í Mosfellssveit og haustið 2004 keypti ríkissjóður Gljúfrastein af Auði Laxness, ekkju Halldórs, og opnaði þar safn til minningar um skáldið. Auður gaf safninu innbú þeirra hjóna. Halldór Laxness var tvíkvæntur og eignaðist fjögur börn. ■

Skáldsögur

- | | |
|---------------------------------------|-------------------------------------|
| 1919 Barn náttúrunnar | 1948 Atómstöðin |
| 1924 Undir Helgahnúk | 1952 Gerpla |
| 1927 Vefarinn mikli frá Kasmír | 1957 Brekkukotsannáll |
| 1931-32 Salka Valka | 1960 Paradísarheimt |
| 1934-35 Sjálfstætt fólk | 1968 Kristnihald undir Jökli |
| 1937-40 Heimsljós | 1970 Innansveitarkronika |
| 1943-46 Íslandsklukkan | 1972 Guðsgjafapula |



Okkar ástkæri
Helgi Danielsson
Lingheiði 4, Hveragerði,

lést á heimili sínu 31. janúar. Bálför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun til starfsfólks blóð- og krabbameinsdeildar, 11 E og G á Landspítala við Hringbraut.

- Sigrún Sigurðardóttir**
Auður Ýr Helgadóttir
Hildur Helgadóttir
Eggert Þór Ólason
- Erlendur Svavarsson**
Ingólfur Bjargmundsson
Aníta Margrét Aradóttir
barnabörn



Leikhópurinn sem sýndi Fló á skinni samanstóð af reynsluboltum í bland við unga og nýutskrifaða leikara.

MYND/ADSEND

Fimmtán ár síðan Fló á skinni var frumsýnt norðan heiða

Fimmtán ár eru í dag síðan Fló á skinni var frumsýnt í Samkomuhúsinu gamla á Akureyri. Eftirvæntingin var mikil og segir í frétt Fréttablaðsins að uppselt hafi verið á 24 fyrstu sýningarnar. Leikhópurinn samanstóð af ungum leikurum í bland við reynslubolta. Jóhannes Haukur Jóhannesson segir það hafi verið stórkostlegt að leika sýninguna enda varla autt sæti.

benediktboas@frettabladid.is

Hinn kunnig gamanleikur George Feydeau, Fló á skinni, var frumsýndur á þessum degi í Samkomuhúsinu gamla á Akureyri fyrir 15 árum. Alveg eins og sýningarnar sem settar voru upp 1973 og 1989 varð Flóinn mjög vinsæll. Uppselt var á fyrstu 24 sýningarnar sem fóru í sölu en María Sigurðardóttir leikstýrði stórum hópi leikara í sviðsetningu á nýrri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar.

Flóinn var fyrst sýnd hér á landi í leikhússtjóratið Vigdísar Finnbogadóttur í Iðnó og gekk þá í þrjú leikár við miklar vinsældir sem má ekki síst þakka leik Gísla Halldórssonar. Velgengi hennar varð til þess að Leikfélag Reykjavíkur réðst aftur í sviðsetningu hennar í Borgarleikhúsinu. Munu hátt í 70 þúsund gestir hafa séð þessar sýningar.

Flóinn er eitt margra verka sem George Feydeau skrifaði á hátindi franska borgaralega farsans. Verkið dró dóm af tvískinnungi í borgaralegu siðferði á keisarátímanum seinni í Frakklandi en Feydeau var afar snjall byggingarmeistari í fléttu þekkinga, misskilnings og feluleiks sem útheimti tiltekinn fjölda útganga í opíð rými.

Þrettán leikarar tóku þátt í sýningunni, þar á meðal Jóhannes Haukur Jóhannesson, sem þarna var nýutskrifaður. „Ég man að leikhúsaðsóknin á Akureyri var það gríðarleg að við vorum að leika um sex sýningar í viku og fundum mikinn meðbyr með leikfélaginu og því sem við vorum að gera,“ rifjar hann upp.


„Þetta var eins og mastersnám að fara norður að leika. Svo gekk sýningin mjög vel og við komum með hana suður og sýndum hana hér í Reykjavík.

Ég man að Árni Tryggvason lék lítið hlutverk og Þráinn heittinn Karlsson á móti honum þannig að við fengum að stiga á svið með gömlu meisturunum og snillingunum – sem var ótrúlega



Jóhannes Haukur Jóhannesson leikari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Fló á skinni frumsýnd

Hinn kunnig gamanleikur George Feydeau, Fló á skinni, var frumsýndur á þessum degi í Samkomuhúsinu gamla á Akureyri fyrir 15 árum. Alveg eins og sýningarnar sem settar voru upp 1973 og 1989 varð Flóinn mjög vinsæll. Uppselt var á fyrstu 24 sýningarnar sem fóru í sölu en María Sigurðardóttir leikstýrði stórum hópi leikara í sviðsetningu á nýrri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar.

gaman og sérstakt. Eitthvað sem manni þykir vænt um eftir á,“ segir Jóhannes og heldur áfram: „Svo var Randver þarna. Það var æðislegt að hafa hann þarna.“

Hann segir að koma Magnúsar Geirs Þórðarsonar í leikhússtjórastólinn hafi hleypt miklum krafti í starfið. „Ég held að það sé allveg hægt að slá því föstu. Þó að það hafi verið starfsemi þar í marga tugi ára þá færði hann þetta upp á næsta plan hvað varðar metnað.

„Þetta var eins og mastersnám að fara norður að leika.“

Jóhannes Haukur Jóhannesson

Hann talaði alltaf um að við værum ekki að gera leikhús bara fyrir Akureyringa heldur allt landið. Hann lagði gríðarlegt þúður í að gera samninga við flugfélögin og reyndi að fá allan bæinn með í að skapa stemningu og með ferðum norður. Að fara norður á skiði og leikhús og út að borða. Honum tókst vel til eins og dæmin sanna og við fundum vel fyrir því. Þegar við stóðum á sviðinu sex sinnum í viku og ekki autt sæti í húsinu.“ ■



Eitthvað fyrir alla!

Salat



Hamborgari



Steik



Fiskur



SJÓNVA PSDAGSKRÁ

HRINGBRAUT

- 18.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 **Útkall** Sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar. (e)
- 20.00 **Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 **Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 **Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins. (e)

RÚV SJÓNVARP

- 10.20 **HM í alpagreinum** Bein útsending frá risasvigi kvenna.
- 12.10 **Fréttir með tákn máltúlkun**
- 12.35 **Heimaleikfimi**
- 12.45 **Kastljós**
- 13.10 **Út og suður**
- 13.35 **HM í skíðaskotfimi**
- 14.50 **Útsvar 2016-2017**
- 16.05 **Vika 6**
- 16.10 **Sætt og gott**
- 16.30 **Okkar á milli**
- 16.55 **Leynardómar húðarinnar**
- 17.25 **Andrar á flandri**
- 17.55 **Þú sást mig**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Hæ Sámur**
- 18.08 **Simon**
- 18.13 **Örvar og Rebekka**
- 18.25 **Ólívía**
- 18.36 **Eldhugar**
- 18.40 **Krakkafréttir**
- 18.45 **Vika 6**
- 18.47 **Lag dagsins**
- 18.52 **Vikinglottó**
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 20.05 **Kiljan**
- 20.50 **Herfileg hönnun**
- 21.00 **Kafbáturinn**
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Saga evrunnar**
- 23.55 **Samsæriskennningar: Bólusetningarstriðið** Heimildarmynd um sjónarmið efasemdafólks um bólusetningar. Fólk sem er á móti bólusetningum heldur því gjarnan fram að bólusetningar séu hættulegar og hafi skaðleg áhrif á heilsu fólks, þrátt fyrir að áratugalangar rannsóknir hafi sýnt fram á hið gagnstæða.
- 00.45 **Dagskrárlök**

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 **Tónlist**
 - 12.00 **Dr. Phil**
 - 12.38 **The Late Late Show**
 - 13.17 **The Block**
 - 14.10 **Love Island**
 - 14.56 **Þær**
 - 15.34 **Nýlendan** Við fylgjumst með Íslendingum leita á framandi slóðir til að endurheimta tengsl við sjálfa sig og náttúruna.
 - 16.55 **Survivor**
 - 17.40 **Dr. Phil**
 - 18.25 **The Late Late Show**
 - 19.10 **The Block**
 - 20.10 **George Clarke's Flipping Fast**
 - 21.00 **New Amsterdam**
 - 21.10 **Love Island**
 - 22.35 **Women of the Movement**
 - 23.35 **The Late Late Show**
 - 00.20 **NCIS**
 - 01.05 **NCIS: Los Angeles**
 - 01.45 **The Resident**
 - 02.30 **American Gigolo**
 - 03.20 **Love Island**
 - 04.05 **Tónlist**
- STÖÐ 2**
- 08.00 **Heimsókn**
 - 08.25 **Grand Designs: Sweden**
 - 09.10 **Bold and the Beautiful**
 - 09.30 **Race Across the World**
 - 10.30 **Masterchef USA**
 - 11.10 **Um land allt**
 - 11.45 **Ísskápastríð**
 - 12.15 **Fraklin & Bash**
 - 12.55 **Einkalífíð** Þættir þar sem rætt er við Íslendinga sem skara fram úr á sínu sviði.
 - 13.35 **Gulli byggir**
 - 14.20 **The Dog House**
 - 15.05 **Call Me Kat**
 - 15.45 **The Cabins**
 - 16.30 **Temptation Island USA.**
 - 17.20 **Franklin & Bash**
 - 17.55 **Bold and the Beautiful**
 - 18.25 **Veður**
 - 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
 - 18.50 **Sportpakinn**
 - 18.55 **Ísland í dag**
 - 19.20 **Heimsókn Sindri Sindrason** heimsækir íslenska fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
 - 19.45 **The Good Doctor**
 - 20.30 **Our House** Fi Lawson veit ekki á hverju hún á von þegar hún kemur heim til sín dag einn en þar tekur ókunnugt fólk á móti henni sem er flutt inn í húsið hennar og maðurinn hennar er horfinn.
 - 21.20 **The Resort**
 - 22.00 **Unforgettable**
 - 22.40 **Rutherford Falls**
 - 23.05 **Outlander**
 - 00.05 **Grantchester**
 - 00.50 **Wentworth**
 - 01.35 **Euphoria**
 - 02.35 **Race Across the World**

Rýnt í ákvörðun Seðlabankans í Markaðnum

Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhafgræðingur Arion banka, mætir í Markaðinn í kvöld og fer yfir horfurnar í efnahagslífinu í kjölfar vaxtaákvörðunar peningastefnuefndar Seðlabankans.

Í síðari hluta þáttarins verður rætt við Friðrik Þór Snorrason, framkvæmdastjóra tryggingafélagsins Verna. Hann vill meina að þær vendingar sem orðið hafa á íslenskum tryggingamarkaði að undanförunu geti haft í för með sér aukna samkeppni og breytt landslag á þessum annars frekar stöðuga markaði. ■



KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 leikfang
- 5 nagg
- 6 átt
- 8 málaleitun
- 10 átt
- 11 boð
- 12 spilda
- 13 keppni
- 15 reiknirit
- 17 gúbba

LÓDRÉTT

- 1 rugla
- 2 skerða
- 3 á sjó
- 4 svipan
- 7 dvöl
- 9 dálitlu
- 12 etja
- 14 krap
- 16 íþróttafélag

LÁRÉTT: 1 brú, 5 rýr, 6 n.v., 8 erindi, 10 na, 11 oró, 12 skák, 13 leik, 15 algrím, 17 gaura.
LÓDRÉTT: 1 brensla, 2 rýra, 3 úti, 4 andrá, 7 viðkoma, 9 nokkru, 12 síga, 14 elg, 16 ír.

SUDOKU

9		3	7				1	
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1			2	5	9	
				3	7		6	1
3	9						2	
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

		7				2		
9	6	8				3		
			5	7	9	1		
		3	2			5		
	1	6			5	7		
			4			6		
				9	8	6		
			7		1			
4								1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

PONDUS



FRÓDE ÆVERLI

„Það fyrsta sem við gerðum var að leita til Krafts. Við vitum ekki hvað gerist en njótum þess sem lífið hefur upp á að bjóða“

Kolluna upp fyrir okkur og fjölskylduna!

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Kaupum kolluna á lifidernuna.is



Æsa Sigurjónsdóttir er dósent í listfræði við Háskóla Íslands og sýningarstjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrirlestur um hvítleika í samtímalist

tsh@frettabladid.is

Æsa Sigurjónsdóttir, dósent í listfræði við Háskóla Íslands, flytur fyrirlesturinn „Hvítleikinn í íslenskri samtímalist“ klukkan 12.00 í dag, 8. febrúar, í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Fyrirlesturinn er annar í röðinni í hádegisfyrirlestraröð RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum á vormisseri 2023 sem tileinkuð er afnýlenduvæðingu, fyrirlesturinn er einnig á dagskrá Jafnréttisdaga Háskóla Íslands.

Í tilkynningu frá Þjóðminjasafninu segir:

„Hvítleikahugtakið hefur sjaldan verið notað í myndlistargagnrýni á Íslandi þrátt fyrir að fræðimenn hafi um nokkurt skeið beitt því til að afhjúpa kynþáttahyggju og karllægar staðalmyndir tungumáls og íslenskrar menningar.“

Í erindi sínu mun Æsa skoða verk listamannanna Bryndísar Björnsdóttur, Steinunnar Gunnlaugsdóttur, Ólafar Nordal, Magnúsar Sigurðarsonar og Ragnars Kjartanssonar og ræða þau út frá sjónarhorni hvítleikans í íslenskri samtímalist.

„Athugað verður hvernig þau kanna menningarsöguna og varpa ljósi á tengsl hvítleikans við sjálfsmyndarsköpun og auðkenningu íslenskrar menningar í fjölþættu samhengi ímynda og landkynningar. Höfundur mun greina tákn hvítleikans í listum og sjónmenningu í ljósi þjóðernishyggju og kynþáttafordóma og skoða hvernig listamennirnir taka í sundur þjóðernistáknin og kanna hvítleika hins þjóðlega myndmáls.“

Æsa Sigurjónsdóttir er dósent í listfræði við Háskóla Íslands og sýningarstjóri. Hún hefur um árabíl rannsakad íslenska samtímalist, myndlistarsögu, og stýrt listsýningum á Íslandi sem og erlendis. ■



Ymsir listamenn úr íslensku hinsegin senunni koma fram í verkinu Góða ferð inn í gömul sár. Á myndinni sjást Jakub Stachowiak og Mars Proppé.

MYND/ABSEND

Ég er eins og ég er, og meira

LEIKHÚS

Góða ferð inn í gömul sár

Borgarleikhúsið

Höfundur og leikstjóri: Eva Rún Snorradóttir

Leikmynd og búningar: Guðný Hrund Sigurðardóttir

Hljóðmynd: Jón Örn Eiríksson

Lýsing: Hallur Ingi Pétursson

Fram koma á Nýja sviði: Mars Proppé, Skaði Þórðardóttir, Jakub Stachowiak, Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Ólafur Helgi Moberg (Starina), Gabriel Brim og Vilhjálmur Ingi Vilhjálms (Lady Zadude)

Sigríður Jónsdóttir

Árið er 1983. Fyrsta HIV-smitið greinist á Íslandi. Barátta hinsegin fólks á Íslandi er fyrir tilvist, ekki réttindum. Hommar eru hataðir, lesbiur eru hundsáðar og trans fólk ekki til, hvað þá kynsegin einstaklingar. Erum við tilbúin að takast á við sannleikann? Góða ferð inn í gömul sár eftir Evu Rún Snorradóttur var frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins síðasta föstudag þar sem hinseginleikinn réð ríkjum, í öllum sínum birtingarmyndum.

Árið er 2003. Ég er eins og ég er, sungið af Hafsteini Þórólfsyni, er lag Hinsegin daga, poppaður gleðisöngur og nú goðsagnakennt einkennislag hinsegin samfélagsins í stórkostlegri þýðingu Veturlíða Guðnasonar. En færri vita hvaðan lagið kemur. Meira að því síðar.

Árið er 2023. Fjörutíu árum eftir að skelfilegur faraldur skók íslenska hinsegin samfélagið. Í leikskrá er Góða ferð inn í gömul sár lýst á eftirfarandi máta: „Upplifunarverk í tveimur hlutum um alnæmisfaraldurinn í Reykjavík á níunda og tíunda áratug síðustu aldar.“ Áhorfendur byrja upplifunina heima, í hljóðverki sem tíundar hryllinginn sem hommar, aðstandendur þeirra og heilbrigðisstarfsfólk, sem þorði að sinna þessum hópi, upplifðu. Sárin hafa ekki gróid, tíminn læknað ekki öll sár heldur umbreytir.

Áhrifaríkar sögur

Í hljóðverkinu segir aðstandandi frá tilraun sinni til að taka þátt í gleðigöngunni árum seinna en hún gat ekki komist lengra en á Skólavörðuholtið. Sorgin yfir því að bróðir hennar fékk aldrei tækifæri til að taka þátt í hinsegin samfélagi nútímans var henni ofviða, hann dó fyrir aldur fram, forsmánaður af samfélaginu. Þetta eru áhrifaríkar sögur, þræddar með texta úr blaðagreinum, viðtölum og bókum, þar má helst nefna To the Friend Who Did Not Save My Life eftir Hervé Guibert sem er nándi frásögn ungs manns í auga stormsins sem að lokum féll fyrir eigin hendi, örmagna af veikindum.

Félagsfólk frá HIV Ísland tekur við gestum í anddyri Borgarleikhússins, tenging milli leikhússins og heimilis sem tapast síðan um leið og stigið er inn á Nýja sviðið. Dragdrottningarnar D-Anal, Lady Zadude og



Er um við tilbúin að takast á við sannleikann? Eva Rún opnar á spurninguna en svörin eru fá.

Jenny Purr bjóða fólk velkomið og halda utan um hópinn. Áhorfendur eru uppstrílaðir en bíða í töluverðan tíma eftir að ballið byrji sem hverfist aðallega um reynslusögur hinsegin fólks af öllu tagi, í gegnum söng og frásagnir. Smásögur af badhúsum erlendis, kvár að uppgötva sjálf sig og hinsegin fólk í tilvistarbaráttu.

Nýr staður og nýtt verk

Nýja sviðið er algjörlega strípað, áhorfendur eru á nýjum stað og í nýju verki. Hinsegin list er mótmæli. Í eðli sínu streitist þannig list á móti gagnkynhneigðu regluverki, brýtur reglurnar og setur jadarinn á sviðsmiðjuna. Sögurnar eru hjartnæmar, myndnar og persónulegar en virðast algjörlega aftengdar baráttusögunni, því sem á undan kom. Enginn einstaklingur talaði um hinsegin samfélag heldur sig í samfélaginu. Eva Rún og Guðný Hrund

nýta rýmið á forvitnilegan máta og auðvitað er það mikilvæg pólitísk ákvörðun að gefa hinsegin fólki pláss til að segja sína sögu, leika sér og dansa saman. En hvað svo?

Árið er 1983. Söngleikurinn La Cage aux Folles, sem fjallar um parið Georges og Albin sem reka dragnæturklúbb, er sýndur á Broadway. Í lok fyrsta þáttar stigur Albin fram í fullu dragi, fullur af heift og syngur I Am What I Am með karlmannlegri raust og hendir að lokum af sér hárkollunni. Upphaflega var Ég er eins og ég er mótmælasöngur, krafta um að vera tekinn alvarlega og staðfesting á tilvist. Horfið á Gary Beach í ballkjól túlka lagið og finnið bræðina. Hinsegin gleði verður ekki til í tómarúmi heldur með skilningi og þekkingu á sögunni.

Fátt um svör

Er um við tilbúin að takast á við sannleikann? Eva Rún opnar á spurninguna en svörin eru fá. Góða ferð inn í gömul sár er tvær aðskildar sýningar. Annars vegar saga um samfélagsleg áföll fyrri kynslóða og hins vegar saga um einstaklingsbundið tráma og hinsegin gleði. Hugmyndafræðilegu tenginguna á milli kynslóða og verkanna vantar, hinsegin fólk verður að líta til baka til að blómstra sem samfélag, samfélag sem er stærra og fallegra heldur en samansafn einstaklinga. ■

NIÐURSTAÐA: Mikilvægt innlegg í hinsegin menningu Íslands en sýningin veldur samt vonbrigðum.

Dusta rykið af gömlum óperum

tsh@frettabladid.is

Sviðslistahópurinn Óður frumsýnir gamanóperuna Don Pasquale í Þjóðleikhúskjallaranum næsta laugardag, 11. febrúar. Áslákur Ingvarsson baritónsöngvari fer með hlutverk Doktor Malatesta í óperunni en hann er nýtskrifaður úr framhaldsnámi í óperusöng við Konunglegu Konservatoríuna í Antwerpen.

„Óperan er samin 1843 og er algjör klassík í óperubókmenntunum eftir hinn fræga Gaetano Donizetti sem skrifaði meira en sjötíu óperur á sínum ferli. Þetta er ein af hans síðustu óperum og hans vinsælasta gamanópera,“ segir Áslákur.

Óður er sviðslistahópur sem að eigin sögn neitar að geyma óperur í

glerkössum og vill heldur taka þær upp, hrísta af þeim rykið og leika sér að þeim.

„Þetta er ekki beinlínis farsí, af því hún er alveg dramatísk en hún er myndin. Þetta er fólk með alvöru tilfinningar en aðstæðurnar verða einhvern veginn myndnar,“ segir Áslákur.

Don Pasquale fjallar um gamlan forrikan piparsvein sem vill stjórna tilhugalífi ungs frænda síns og hótar að gera hann arflausan ef hann giftir sig ekki eftir fyrirmælum hans.

„Frændi Dons, sem er erfingi hans, er föðurlaus og honum lýst ekkert á það hvernig hann ætlar að haga sínum hjúskap. Hann er aldrei búinn að giftast þessi maður og allt í einu á gamals aldri langar hann að giftast og eignast börn og búa



Sigurður Helgi, Þórhallur Auður, Áslákur Ingvarsson, Ragnar Pétur og Sólveig Sigurðardóttir.

til nýjan arftaka og henda þessum frænda út af heimili sínu. Ég leik lækinn hans sem er einnig vinur frændans og við leggjum á ráðin um að setja á svið svona platbrúðkaup fyrir kallinn,“ segir Áslákur.

Að sögn Ásláks er hálfgerð endurvakning að eiga sér stað í óperusenunni hér á landi. Lengi vel var Íslenska óperan eina stofnunin sem setti á svið óperur í atvinnumennsku en undanfarin ár hafa sprottið upp fjölmargir hópar sem sett hafa upp sjálfstæðar óperur.

„Núna er einhvern veginn að koma fram á sjónarsviðið sjálfstæð sena í óperunni og auðvitað er annar bragur á því heldur en hjá Íslensku óperunni af því þetta er oft í minna húsnæði og með færri fólki,“ segir hann.

Áslákur bætir við að þótt sjálfstæðar óperur á borð við Don Pasquale séu kannski ekki jafn íburðarmiklar og óperur hjá Íslensku óperunni þá gefi þær áhorfendum tækifæri á annars konar og persónulegri óperuupplifun.

„Við erum á pinulitlu sviði í Þjóðleikhúskjallaranum og þá allt í einu er tækifæri til að vera í miklu meiri nánd við áhorfendur sem þú færð ekki í hefðbundinni óperuupplifun. Svo er þetta ný íslensk þýðing sem er bara ótrúlega flott hjá Sólveigu Sigurðardóttur sem syngur með okkur. Þetta stuðlar allt og rímar en samt á nútímamáli, það er þá líka önnur nánd sem maður upplifir ekki venjulega þegar maður fer á óperusýningu, nema maður kunnir tungumálið.“ ■

Framsókn finnur fölbláa Pandóru í kjördæmavíkunni

Þingflokkur Framsóknarflokksins heggur enn og aftur í sama dægurmenn-ingarknérunn í aðdraganda kjördæmavíku og teflir nú fram bláleitum holdgerv-ingum þingliðsins með vísan í stórmyndina Avatar: The Way of Water.

toti@frettabladid.is

Þingflokkur Framsóknar er kominn í kunnuglegar stellingar fyrir komandi kjördæmavíku og spilar enn og aftur á kunnugleg stef úr affreyingarmenningunni til þess að minna á opna fundi sína með kjósendum víða um land.

Grænum er að vísu nokkuð brugðið að þessu sinni því nú er vakinn athygli á fundarferðinni með viðkomu á plánetunni Pandóru í stórmyndinni Avatar: The Way of Water þar sem allt er vænt sem vel er blátt.

Þetta er síður en svo í fyrsta sinn sem Framsóknarflokkurinn dubbar sitt fólk upp sem persónur úr þekktum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum en þingflokkurinn reið á vaðið fyrir þremur árum þegar honum var smalað saman í Volkswagen-rúgbrauðið úr Little Miss Sunshine undir slagorðinu „Áfram veginn“.

Djarfir leikir

Þetta vakti athygli og tilganginum var því náð þótt útspilið þætti nokkuð djarft og ef til vill til dæmis um að Framsókn þæði ekkert of djúpt í hughrifunum sem kvikmyndin vekur.



Little Miss Sunshine fjallar nefnilega um ferðalag mölbrotinnar stórfjölskyldu í hyljdjúpri tilvistar-kreppu yfir Bandaríkin þver og endilöng í leit að merkingu og tilgangi.

Ári síðar uppskar þingflokkurinn mikla athygli þegar hann þjappaði sér saman í stellingum vinanna Monicu, Chandlers, Rachearl, Joeys, Ross og Phoebe úr Friends-þáttunum.

Aftur þótti Framsókn taka ákveðna áhættu í auglýsingagríninu þar sem Vinirnir þykja ekki hafa elst neitt sérlega vel og í umræðum um auglýsinguna á Facebook var hún talin til marks um að Framsóknarflokkurinn væri nokkrum áratugum á eftir.

Skökku þótti skjóta við þegar talað væri um framfarir en telja Friends-brandara enn videigandi og í því sambandi var bent á að hommabrandarar og gömul kynjapólitík segi sitt um hversu gamaldags þættirnir eru.



Eftir akstur á sólskinsrúgbrauði og vinakaffi á Central Perk í fyrri kjördæmavíkum er þingflokkur Framsóknar kominn undir yfirborð sjávar á plánetunni Pandóru þar sem fólk verður blágrænir holdgervingar sjálfrá sín. MYND/FRAMSOKN.IS



Samkvæmt bímyndinni bregður Ás-mundi Einari Daðasyni hér fyrir sem sérfræðingi í Proust á meðan Líneik Anna Sævarsdóttir og Silja Dögg Gunnarsdóttir reka lestina.

MYND/
FRAMSOKN.IS



Þetta átti nú bara að vera léttur húmor inn í þessa pólitík.

Willum Þór um Vini 2021



Vinirnir í þáttunum voru bara sex en í Framsókn 2021 voru þau átta með Líneik Önnu og varaþingmanninn Þórarín Inga hvort á sínum kantinum.

MYND/FRAMSOKN.IS

Þessi með Willum ...

„Þetta átti nú bara að vera léttur húmor inn í þessa pólitík. Ég held líka að þekking okkar, hvers og eins, sé svona mismikil á þessum ágætu þáttum en ég var ekki einu sinni búinn að leiða hugann að því hver ég gæti verið,“ sagði Willum Þór Þórsson þegar Fréttablaðið ræddi auglýsinguna við hann nokkrum mánuðum áður en hann varð heilbrigðisráðherra.

„Ég átta mig ekki alveg á því. Það verður að viðurkennast,“ sagði Willum þegar forvitnast var um hvaða vin hann tengdi sig við; Joey, Ross eða Chandler, og bætti við að þau í þingflokknum hafi eitthvað kastað á milli sín í gríni hver ætti að vera þessi vinurinn eða hinn.

Avatar-bláminn er undarlegt val með tilliti til alls þess græna sem tengja má við. Hulk er þó sennilega full geðstírður fyrir Sigurð Inga en Shrek er alvöru Framsóknarnaður, forn tróllkall, vel meinandi en klaufskur.

Kjördæmavíka Framsóknar hefst á Hilton hótelinu í Reykjavík á þriðjudaginn, degi ástarinnar þann 14. febrúar, þaðan sem leið liggur um landið með það yfirlýsta og mikilvæga markmið að „nalgast og hlusta á raddir kjósenda, ekki aðeins á fjögurra ára fresti, heldur með reglubundnum hætti.“

Bláir holdgervingar

Avatar-tengingin að þessu sinni er óneitanlega mun öruggari en þær fyrri en býður samt upp á vangaveltur um hvort þingfólkið mæti sjálft til leiks eða sendi „avatar“ sína sem geta samkvæmt orðabókarskilgreiningunni verið „holdgervingur“, „leikjapjónn“, eða „sjálfsform.“

Þá þarf engan séstakan pólitískan illvilja til þess að draga eina ferðina enn dægurmenningslæsi gamla bændaflokksins í efa þar sem Pandóru-fólkið í Avatar er blátt á hörund og þannig nær Sjálfstæðisflokknum á pólitíska litrófinu en hinum iðjagræna Framsóknarflokki.

Þar fyrir utan gerist Avatar: The Way of Water neðansjávar á Pandóru sem gagnast ef til vill flokknum helst í því að verurnar þar eru fölblárrí en á yfirborðinu. Gæti meira að segja sloppið að segja þær grænbláar en litablöndunin segir hins vegar ekkert til um það hvort hinn gamlagróni landbúnaðar- og lambakjötsflokkur Guðna Ágústssonar ætli sér að færa áherslur sínar frá láði að legi. ■



Vivian meira hörkutól en Bruce Willis

KVIKMYNDIR

Napóleonskjölin

Leikstjórn: Óskar Þór Axelsson
Handrit: Marteinn Þórsson byggt á skáldsögu Arnaldar Indriðasonar
Aðalhlutverk: Vivian Ólafsdóttir, Jack Fox, Iain Glen, Ólafur Darri Ólafsson, Wotan Wilke Möhring

Pórarinn Pórarinsson

Áður en Arnaldur Indriðason sneri sér að reyfaraskrifum með fádæma göðum árangri var hann kvikmyndagagnrýnandi á Morgunblaðinu og var sem slíkur einn sá öflugasti á landinu um langt árabil.

Spennubókin Napóleonskjölin var þriðja skáldsagan sem hann sendi frá sér og þykir almennt og kannski eðlilega í ljósi fyrri starfa síu „kvikmyndalegasta“ í höfundarverkinu sem hefur stækkað allverulega frá því bókinni kom fyrst út 1999.

Bíórýnirinn Arnaldur vissi að sjálfsgöðu upp á sína tíu fingur hvað og í hvaða hlutföllum þarf til þess að keyra góða spennumynd, og þar með sögu, áfram og enginn skortur var á þeim frumefnum í Napóleonskjölunum sem sprengdi rithöfundarferilinn í gang fyrir alvöru.

Spennuepli og hasarappelsínur

Skáldsaga er samt alltaf skáldsaga og kvikmynd alltaf kvikmynd og eðlismunurinn þar á veldur því undantekningalítið að það er alltaf snúið að laga bók að bíó sama hversu kvikmyndalegur frumtextinn er. Breytingar og styttingar eru óhjákvæmilegar og spurningarnar um hverju skuli haldið og hverju sleppa eru ágangar og nánast endalausar.

Handritshöfundurinn Marteinn Þórsson og leikstjórnirinn Óskar Þór Axelsson lentu Napóleonskjölunum í bíó með því að færa sögu-sviðið úr nálægri fortið 1997 fram á vora snjalltækjavæddu og kaótísku daga auk þess sem texta Arnaldar er þjappað og hann straumlínu-lagaður með því að velja ákveðnar áherslur. Allt gott og blessað svo sem þótt sjálfsgött geti verseraðir og bókstafstrúaðir lesendur Arnaldar látið ýmislegt fara í taugarnar á sér.

Þau um það. Svona er þetta bara og þessi Napóleonskjöl eru ekki bók heldur hart keyrð hasar-spennumynd að hætti Hollywood. Napóleonskjölin er það sem hún er og kemst ekki sist býsna vel upp með það vegna þess að hún reynir ekki að vera neitt annað og ljóst að höfundar hennar eru ekkert að taka sig of hátíðlega.

Banvænt leyndarmál undir jökli

Myndin hefst með skemmtiferð þriggja íslenskra flippkisa á Vatnajökul þar sem þau ramba á flak flugvélar sem er svo kyrrfilega merkt hakakrossum að ekki þarf að efast neitt um hvaðan hún var að koma og á hvaða árabili hún brotlenti á Íslandi.

Eliás, einn þremmenninganna, er rétt búinn að ná að taka upp síma-myndband og sjálfu, með gadd-freðnu líki uppádrassaðs nasista, innan úr flakinu og senda stóru systur sinni, henni Kristínu, þegar þungvopnaðir Ameríkanar birtast í þyrlu og fjandinn verður laus.

Hvergi fer milli mála að meintur, dularfullur varningur vélarinnar og myndskilaboð Eliásar til Kristínar eru eitthvað sem er þess virði að halda leyndu og drepa fyrir og þar sem Kristín er komin með þetta eitthvað sem keyrir atburðarásina áfram og Hitchcock kallaði „McGuffin“ er hún orðin helsta viðfang vondu kallanna og þá um leið aðalpersóna myndarinnar.

Brunað yfir gloppur

Myndin hrekkur þarna strax í fimmta gir enda mega skúrkarinn engan tíma missa og ósköp venjuleg Reykjavíkurnótt umturnast í „hitchcockískt“ helvíti þar sem ósköp venjuleg kona, lögfræðingur í utanríkisráðuneytinu, á fótum fjör að launa í vægast sagt óvenjulegum og lífshættulegum aðstæðum.

Eins og vera ber með slíkar persónur leynir hún á sér, er verulega fljót að hugsa, úrræðagóð og einörð og leggur allt undir í leitinni að bróður sínum og sannleikanum um Napóleonskjölin.

Framvindan er á köflum með hinum mestu ólíkindum og götin



Ólafur Darri setur sterkan svip á Napóleonskjölin án þess að skyggja á Vivian í aðalhlutverkinu.

MYNDIR/SAGAFILM



Vondu kallarnir, Iain Glen og Wilke Möhring eru andskotanum skæðari.

í plottinu eru mörg og sum hver býsna stór. Þetta kemur þó varla að sök ef horft er á myndina með réttu hugarfari og á forsendum hennar.

Óskar Þór keyrir þetta gríðarlega hratt áfram og magnar á göðum köflum upp slíka háspennu að það má vera helvíti tuðgjarnt og leiðinlegt fólk sem hefur ráðrúm og nennu til þess að hnjóta um hnökran í sögunni og láta trufla sig að í hlutverki Kristínar er Vivian Ólafsdóttir fljótari en Bruce Willis á göðum degi að jafna sig á miklum blóðmissi úr skotsári sem ætti að duga til þess að koma hraustasta folki löðbeint yfir móðuna miklu.

Napóleonskjölin er mynd sem gerir þá einföldu kröfu til áhorfenda að þeir sleppi raunveruleika-tengingunum og láti af van trúar-tilhneigingum sínum í eins og tvo klukkutíma og þá er þetta bara gaman.

Harðari en Bruce

Óskar Þór hefur áður sýnt og sannað að honum er einkar lagið að fleyta skáldskap af bók í bíó. Hann framkallaði fineris hrollvekju með Ég man þig upp úr samnefndri bók Yrsu Sigurðardóttir og frumraunin sem hann þreytti með Svörtum á leik eftir Stefán Mána var frábær glæpamynd og sennilega enn sú besta sem hér hefur verið gerð.

Hér treystir hann, sem fyrr, mikið á persónur og leikendur og enn með göðum árangri. Persónusköpunin er að visu dálítið upp og ofan í Napóleonskjölunum en hraðinn færir aftur fókussinn af göllum og leikarar í göðum gir sjá um rest.

Vivian, sem steig fram sem eitt eftirminnilegasta hörkutól íslenskra bíómynda í Leynilöggu, sveiflast þægilega milli sjarma og hörku þannig að hún er okkar kona strax frá fyrsta ramma. Sama

má segja um Jack Fox í hlutverki háskólaprófessors og úrelts ástarviðfangs Kristínar sem flækist í atburðarásina með henni og hinn þýski Wotan Wilke Möhring tekur skemmtilegan snúning á ísköldum leigumórðingja sem reynist meðal annars fullstór biti fyrir íslenskar drykkjukempur að kyngja.

Sérsvaitin mætir

Hvað leikarana varðar getur maður helst harmað að sá stórskemmtilegi og eitursvali skoski leikari Iain Glen hafi ekki fengið úr meiru að móða sem aðal vondi kallinn.

Mest vigt er síðan í þeim þresti Leó Gunnarssyni, einhverju mesta náttúratalenti síðari tíma, og Ólafi Darra. Þröstur er í smáhlutverki sem maður hefði alveg viljað sjá stækka því hann þarf ekki nema rétt að birtast til þess að smita öll sín verkefni einhverjum undarlegum virðuleika.

Rétt eins og Ólafur Darri sem kemur til skjalanna á hárréttum tímamarki þegar myndin er aðeins að missa dampinn eftir æsilegan fyrri hluta. Látlaus krafturinn í leik hans lýtir myndinni um það sem til þarf þegar hann kemur með nauðsynlega kómík í þúkkjó um leið og hann þyngir dramatíkuna. ■

NIDURSTAÐA: Þegar allt er tekið saman og skautað yfir gloppurnar í sögunni á vel heppnuðu amerísku hasarmyndatempói er bara ekkert hernaðarleyndarmál að Napóleonskjölin er hörkufin spennumynd og göð skemmtun á alþjóðlegan mælikvarða.

Að elska Pamela Anderson

KVIKMYNDIR

Pamela, a love story

Leikstjórn: Ryan White
Netflix

Nína Richter

Það er erfitt að sjá fyrir sér að heimildarmynd eins og Pamela, a love story, hefði orðið til, ef ekki hefði verið fyrir MeToo-byltinguna. Pamela skilar hér skómminni í nýrri Netflix-heimildarmynd sem kom út 1. febrúar, á sínum eigin forsendum.

Fyrir þá sem aldrei hafa heyrt á Pamela minnst, er hún bandarísk leikkona sem hóf ferilinn sem fyrirsæta og síðar sjónvarpsleikkona og stjarna Strandvarðabáttanna geysivinsælu, sem voru meðal vinsælustu þátta tíunda áratugarins. Pamela var eitt þekktasta kyntákn á Vesturlöndum. Hún gifti sig margsinnis, var á tímabili gift trommuleikaranum Tommy Lee og eignaðist með honum tvo syni. Meðan á hjóna-



Pamela hóf feril sinn sem fyrirsæta en sló síðan í gegn í sjónvarpi sem aðalstjarna Strandvarðanna.

bandi Pamela og Tommy stóð var kynlífsmyndbandi úr einkasafni hjónanna stolið, sem breytti ferli Pamela til frambúðar. Kynlífsmyndbandið var meðal fókuspunkta í leiknu þáttunum Pam & Tommy, sem framleiddir voru í óþökk stjórnunnar í fyrri. Í framhaldinu afreð Pamela að rita ævisögu sína, og þvert á það sem allir héldu, þá gat þessi ljóshærða þokkagyðja svo sannarlega skrifað. Hún hafði raunar skrifað alla sína stórmerkilegu ævi. Heimildarmyndin Pamela, a love story, veitir magnaða innsýn



Pamela gerir feril sinn og lif upp kinnroðalaust lið fyrir lið í myndinni.

í dagbókarskrif Pamela Anderson, en hún veitir framleiðendum ótakmarkaðan aðgang að hugsunum sínum sem hún hefur fest á blað síðan hún var barn.

Í Pamela, a love story, er einkennandi stíllagð eða andi, sem einkennist af þessu sambandi stjórnunnar við dagbókina. Myndin verður gríðarlega sterk og sannfær-

andi fyrir vikið, og einlægari en ber að venjast í sambærilegu efni. Erindi Pamela er brýnt því hún vill útskýra sína hlið og það gerir hún ekki með afsökunum eða „já, en,“ heldur fer hún kinnroðalaust, lið fyrir lið, yfir feril varðaðan ofbeldi og misbeitingu valds gegn ungri konu sem með erfiðan bakgrunn reyndi að fóta sig í Los Angeles.

Titill myndarinnar er vísun í rómántíkerinn Pamela, en ekki síður lýsandi fyrir ástarsamband heimsins við táknmyndina. Hún stígur hér út fyrir þann ramma, fegurri en nokkru sinni. ■

NIDURSTAÐA: Það hrifast allir af Pamela sem horfa á þessa mynd. Hún hefur staðið í fætuna af óbilandi þrautseigju og kynnst dimmustu og björtustu stöðum bandaríska skemmtanaíðnaðarins. Ferill hennar er magnaður spegill á samfélag sem er að læra hægt en læra þó, að konur eru fyrst og síðast manneskjur.



FRÉTTA
VAKTIN

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttaumfjöllun í opinni dagskrá. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar.

Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga á Hringbraut, dv.is og frettabladid.is



HRINGBRAUT



Gísli Galdur elti fuglahljóð ofan í undirmeðvitund Villibráðarinnar.

MYND/ADSEND

Fuglar birtu Gísla galdurinn í undirvitund Villibráðar

Kvikmyndatónlist Gísla Galdurs Þorgeirssonar við hina fádæma vinsælu Villibráð er komin á Spotify þar sem fuglahljóð ýmiss konar óma í undirmeðvitund persóna myndarinnar.

toti@frettabladid.is

Fólk streymir enn í bíó á kvikmyndina Villibráð sem var frumsýnd fyrir nokkrum vikum og leikstjórinn, Elsa María Jakobsdóttir hefur verið ausin nánast einróma lofi frá frumsýningu snemma í síðasta mánuði. Góður rómur hefur ekki síður verið gerður að tónlist Gísla Galdurs Þorgeirssonar í myndinni sem þykir bæði styðja myndina og gefa henni óræða fyllingu.

„Við Elsa María búum bæði hérna úti í Kaupmannahöfn og þar byrjuðum við að pæla í þessu,“ segir Gísli um kvikmyndatónlistina sem varð nýlega aðgengileg á Spotify.

Þau sem séð hafa og heyrt vita að fuglar ýmiss konar gefa tóninn í Villibráð með söng sínum og kvaki en Gísli segir þau Elsu hafa verið með þann náttúrulega undirleik í huga strax frá upphafi.

Hljóðheimur opnast

„Þetta var alveg hugmynd sem við vorum að spá í frá byrjun. Fyrst var þetta kannski bara skemmtileg pæling og við vorum á tímabili ekkert alveg viss hvort þetta væri bara myndin hugmynd eða hvort þetta myndi ná að bera tónlist myndar-

Söngur Villibráðarinnar á Spotify

1. Villibráð
2. Gæsin
3. Hrossagakur og fugla-orgían
4. Vesturbær
5. Lundarokk
6. Hestur hneggjar
7. Eldgos
8. Þú ert að fara heim
9. Gæsin og Dauðinn

innar allrar uppi. Þetta er bara svo ótrúlegur heimur og svo tengdist þetta náttúrulega bara alltaf meira því sem var að gerast í myndinni. Karakterunum og einhvern veginn þessu innra dýrslega eðli mannsins.“

Gísli segist aðspurður, rétt eins og myndin sjálf, hafa fengið mikil og góð viðbrögð við tónlistinni. „Og einmitt frá fólki sem finnst þetta tala dálítið inn í undirmeðvitundina. Músíkin liggur einhvern veginn þar,“ segir Gísli og bendir á að hann hafi líka unnið, öðruvísi þó, með undirmeðvitundina í tónlist sinni fyrir verkin Ellen B. og Ex í Þjóðleikhúsinu. „Og stundum kannski fatarðu ekki hvort það sé í rauninni eitthvað í gangi eða ekki en á endanum hefur þetta áhrif á heildarupplifunina.“

Litlu smáatriðin

Gísli byrjaði að vinna að tónlistinni

með Elsu María í Kaupmannahöfn og hélt síðan áfram í fjarvinnu þegar vinna við myndina var í gangi á Íslandi. Hann hafi síðan komið mikið að eftirvinnslunni og þeirri miklu yfirlegu sem þurfti til þess að saman væru, svo vel væri, hljóð, þögn, tónlist og mynd.

„Þetta var mikil vinna sem við unnum líka með hljóðmanninum af því það er svo mikið um þagnir í myndinni og við þurftum einhvern veginn að láta þetta flæða rétt. Það eru öll þessi litlu smáatriði sem mér finnst samt einhvern veginn skipta rosalega miklu máli fyrir lokaútkomuna,“ segir Gísli um tímafreaka finpússninguna. „Það var helling vinna að finna réttu staðina og þásur til þess að þetta virkaði.“

Íslenskur veruleiki heillar

Ekki þarf að hafa mörg orð um að allt virkaði þetta og gekk upp eins og vinsældir myndarinnar staðfesta. „Það er alveg ótrúlega skemmtilegt að þetta hafi einhvern veginn farið svona vel,“ segir Gísli um hina almennu ánægju með Villibráð.

„Ég var ekki alveg að búast við að þetta yrði svona mikil bomba en ég held líka einhvern veginn að það sé kominn tími á aðeins öðruvísi myndir sem kannski tala bara meira inn í íslenskan veruleika. Fílingurinn er einhvern veginn smá eins og fólk sé til í það,“ segir Gísli með vísan til alíslenskrar staðfæringar grunnsögu ítölsku myndarinnar Perfetti sconosciuti í handriti Elsu María og Tyrfings Tyrfingssonar. ■

LEIÐRÉTTING


Ekki er krummi kráka nema síður sé

toti@frettabladid.is

Á þessari síðu bladsins í gær var því, ranglega að sjálfsgöðu, slegið fram að kráka hefði átt óvænta en tilkomumikla innkomu í nýju tónlistarmyndbandi með píanóleik Víkings Heiðars Ólafssonar á Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns.

Þarna var vitaskuld um hrafn að ræða þar sem krákan er afar sjaldséður flækingur á Íslandi og litlar sem engar sögur fara af slíkum með heimilisfesti hérna og er Engey, þar sem tónlistarmyndbandið var tekið upp, vitaskuld engin undantekning.

Svo bergnumdir voru þó bæði leikstjóri myndbandsins, Erlendur Sveinsson, og blaðamaðurinn af



Hrafninn flýgur en sitjandi kráka sveltur fjarri Íslands ströndum. MYND/ADSEND

flugi krumma yfir höfuð píanóleikarans að þeim varð tíðrætt um kráku þannig að þótt margt sé líkt með skyldum af ætt hröfnunga varð krummi, að ósekju, kráka.

Tónvísir krumminn úti í Engey, fuglavinir og öll önnur sem þetta glannalega ranghermi kom í opna skjöldu eru beðin velvirðingar á ruglingnum sem leiðrétist hér með. ■



Komnar aftur
6 stk. í poka



Farðu í búðina þína
**Spurðu um
íslensku Beyglurnar**
Vinsælustu Beyglur **þjóðarinnar**
loksins komnar aftur

Beyglurnar eru komnar aftur
eftir nokkra vikna hlé - aldrei betri.
Farðu í búðina þína í dag.



Beyglur
- fínar



Beyglur
- kanil og rúsínur



Beyglur
- jalapeno og
cheddar ostur



Beyglur
- hörfræ, sesam
og birki

Fáðu þér íslenskar Beyglur, strax í dag



**Alltaf nýbakað
síðan 1959**

myllan.is

BAKÞANKAR

Önnu Sigrúnar
Baldursdóttur

Markmið

Verðbólguþáttur Seðla-
bankans eru að eðli ekki ósvipuð
mínunum þyngdarmarkmiðum.
Þetta kemur ekki á óvart því fyrir
liggur að ég ber ábyrgð á hvoru
tveggja, eðlilega á eigin þyngd
en einnig verðbólgunni eins og
annar ótíndur almenningur. Í
báðum tilvikum eru sett mark-
mið sem mögulega eru ekki beint
raunhæf en ég hef tekið eftir því
að árangur minn í þyngdar- og
verðbólguþáttunum helst í hendur
á tímaás. Til dæmis var ég í
góðum málum til ársins 2018 en
þá um sumarið byrjaði aðeins
að halla undan fæti; nokkur kíló
og smá verðbólguþáttur. Ég náði
tökum á þessu haustið árið eftir,
en frá vori 2020 er ég í ruglinu.

Ég er sumsé eitthvað frá þyngd-
armarkmiðum mínum, þó ég
borði hollt, hreyfi mig og skamm-
mist í sjálfri mér reglulega. Samt
safnast kílóin. Ég viðurkenni að
hafa gefið út óraunhæfar spár um
aðlögun að þyngdarmarkmiðinu
en það hefur helst gerst í mát-
unarklefum fataverslana. Síðustu
60 mánuði hef ég þannig verið
um það bil 4–5 prósentum frá
markmiðum mínum í að minnsta
kosti 45 mánuði. Ekki gott.

Þegar kemur að verðbólgu-
stjórnun er ég lengra frá mark-
miðinu, þó að vextir séu upp úr
öllu valdi og ég skammist í sjálfri
mér daglega. Samt vex verð-
bólgan. Ég hef ekki gefið út spár,
við erum með sérstofnun í því,
en þær eru jafnárreiðanlegar og
mátunarklefaspár mínar. Í 10
af 60 mánuðum hefur þetta verið
viðunandi hjá mér. Í 50 mánuði
hefur markmiðið ekki náðst og
nú er svo komið að við erum
engin 4 prósent fram úr mark-
miðum heldur fjórfalt!
Afsakið. ■


**pappír
umhverfið
prentun**


LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

Leikhúsveisla! ★★★★★
P.T. Mbl

„leikhópur Ex er í
úrvals-gæðaflokki.“
Sj - Fbl.

„Ekki missa af.
Kaupið miða. Strax.“
Sj - Fbl.

„leikhópurinn
virkilega sterkur“
EiHG. RUV

„gríðarlega vel
skrifað leikrit“
DK. Hugrás.

EX. EILÉN B

Þjóð
leik
húsið

Tvær sýningar á einu kvöldi og veitingar

Þú getur valið um 11. eða 18. febrúar

Matur á milli sýninga

Nú er hægt að sjá tvo hluta
Mayenburg-þrileiksins á einu kvöldi.
Allir sem kaupa miða á báðar sýningar
þessi kvöld fá leikhúsplatta í kaupbæti.

Leikhúsplatti: íslenskir ostar, skinkur,
pýlsur, ólífur, möndlur og fleira góðgæti.
(Einnig hægt að fá vegan)



Midasala | midasala@leikhusid.is | 5511200 | leikhusid.is